

HRAUNBÚINN

2. tölublað 24. árgangur 2005



80 ára afmælisblað



HRAUNBÚINN

Hraunbúinn 80 ára afmælisblað

2. tbl. 24. árgangur, desember 2005

Útgefandi: Skátafélagið Hraunbúar
Skátamiðstöðinni Hraunbyrgi
Hjallabraut 51, 220 Hafnarfirði
Stofnað 22. febrúar 1925

Ritstjórn:

Inga María Magnúsdóttir og
ýmsir skátar

Ábyrgðarmaður:

Ásgeir Ólafsson

Ljósmyndir:

Ýmsir Hraunbúar

Útlit og umbrot:

Einar Elí Magnússon [ee.is]

Prentvinnsla:

Prentsmiðjan Prentmet ehf
Lynghálsi 1
110 Reykjavík

Upplag: 8000 eintök

Dreift inná öll heimili í Hafnarfirði

Skátafélagið Hraunbúar er framsækið skátafélag sem hefur það að markmiði að auka þroska ungs fólks og gera það betur fært til að takast á við hin margvíslegu verkefni sem biða sérhvers einstaklings.

Skátamiðstöðin Hraunbyrgi er glæsilegasta aðstaða sem skátafélag hefur á Íslandi. Þar er margvísleg starfssemi.

Þar má finna aðstöðu fyrir skátastarfið sem fer fram innan dyra, aðstöðu fyrir skátasveitirnar, sal, vinnuaðstöðu foringja, eldhús og smiðju.

Í húsinu er rekin ýmis þjónusta fyrir ferðamenn og aðra. Gistiheimili er rekið í hluta hússins allt árið og í nær öllu húsinu á sumrin. Aðstaða er öll hin besta og ferðamennirnir sem koma víða að láta fara vel um sig í glæsilegu húsi í fallegu umhverfi.

Glæsilegur salur er í húsinu sem hefur verið mjög vinsæll til hvers konar fundarhalds, námskeiða, tónleika og hátíðarhalds.

Félagið rekur einnig tjaldsvæðið á Víðistaðatúni og tjaldgestir geta nýtt sér góða aðstöðu í skátamiðstöðinni, s.s. eldhús, sturtur og setustofu.

Félagið skipuleggur einnig Ævintýradag fjölskyldunnar fyrir starfsmannafélög og hópa.

www.hraunbuar.is

Ávarp bæjarstjóra Hafnarfjarðar Lúðvíks Geirssonar

Skátahreyfingin hefur nú í samfellt átta áratugi átt dygga og trausta félag og forystumenn hér í Hafnarfirði. Skátar hafa á þessum tíma sett svip sinn á bæjarbraginn með ýmsum hætti og það er sérstakt fagnaðarefni hversu vegur hreyfingarinnar hefur farið vaxandi á síðustu árum.

Eitt sinn skáti – ávallt skáti eru þau einunnarorð sem tengja saman og treysta það bræðralag sem einkennir gott skátastarf og þá fyrirmynd sem skátar eru og vilja vera. Góður félagsskapur, þroskandi uppeldi, útivist og ríkur skilningur og þekking á umhverfi og samfélaginu. Þetta eru þau gildi sem fylgja þeim alla tíð sem verið hafa góðir félagar í skátastarfi.

Hraunbúar í Hafnarfirði hafa lengi verið í forystusveit skátastarfsins hér á landi. Það er mikil reynsla og þekking sem er til staðar í þeim góða félagsskap og traust vináttubönd sem hafa myndast sem tengja saman kynslóðir í skátastarfinu hér í Hafnarfirði.

Glæsileg aðstaða í nýju skátaheimili á hraunbrekkunni við Víðistaðatún hefur fært félaginu margvísleg sóknarfæri og í



góðri samvinnu við bæjaryfirvöld er unnið að sameiginlegum markmiðum að efla og treysta gott og göfugt æskulýðsstarf.

Fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar óska ég Hraunbúum til hamingju með tímamótin og þakka fyrir þeirra trausta starf á liðnum áratugum um leið og óskað er eftir góðu samstarfi um enn öflugra starf á komandi árum.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri

Hraunbúar á landsmóti skáta 2005





Ávarp félagsforingja Hraunbúa Ásgeirs Ólafssonar

„LXXX” - Þannig má rita töluna áttatíu með rómverskum tölum. Hvers vegna dettur mér í hug að gera það? Svarið er einfalt en kemur samt á óvart. Skátastarf í Hafnarfirði á áttæðisafmæli á þessu ári, en fyrsta hafnfirski skátafélagið var stofnað 22. febrúar árið 1925. Af hverju kemur það á óvart? Það á sér einnig einfalda skýringu. Skátastarfið er öflugt og alltaf jafn ungt og skátarnir sem starfa í skátafélaginu okkar.

Jón Oddgeir Jónsson skátafrömuður vann að stofnun skátafélagsins en stofnendurnir voru að aldrinum 12-14 ára. Sannaðist hið fornkeðna að mjór er mikils vísir. Í átta áratugi hafa skátastörfin styrkt og auðgað líf hafnfirskra barna og unglinga auk þess að vera eini félagsskapur ungs fólks sem er undir stjórn og ábyrgð unglinganna sjálfra þar sem leiðtogaþjálfun og jafningjafræðsla eru daglegt brauð og engin þörf á afþreyingu. Skátar vinna að því að efla sjálfa sig til þess að takast á við daglegt líf. Þeir læra að leysa úr verkefnum, vinna með öðrum, breyta hugmyndum í fullunnið verk. Vinna verkin sjálfir og ljúka þeim í raun.

Tvennt er einkum mikilvægt í uppeldi komandi kynslóða: Hið fyrra er að þjálfra persónuleika einstaklinganna svo að þeir verði betur undir það búinir að mæta þeim erfiðleikum sem þeir verða að sigrast á áður en þeir geta lagað sig að nútímaháttum og aukinni velmegun.

Hið síðara er að efla alþjóðahyggju og auka kynni grannþjóða sem er undirstaða efnislegra framfara og friðar alls staðar í heiminum.

Þessi orð mælti Baden-Powell stofnandi skátahreyfingarinnar fyrir meira en sjötíu árum og má af þeim ráða framsýni þess merka manns.

Hafnfirðingar eiga mikinn fjársjóð í skátastarfinu sem hefur auðgað bæjarlífið þennan langa tíma. Skátarnir hafa unnið þrotlaust uppeldisstarf í þágu samborgara sinna með brosi á vör og undir stjórn sjálfbóðaliða sem við eigum ævilanga þakkar-skuld að gjalda. Við leiðum ekki oft hugann að því hversu margt við eigum að þakka því fólki sem er löngu farið úr þessum heimi. En vegur skátaforingjanna í Hafnarfirði er merkur og mikilvægur áfangi þess að byggja upp öflugt fólk, marga sem til forystu eru fallnir og hafa tekist á við mörg forystuhlutverk. Um leið hefur mikill fjöldi fólks notið skátauppeldisins sem kemur sér jafnan vel, bæði þegar vel gengur og eins er á móti blæsi.

Skátahreyfingin hefur skýr markmið, vel afmarkað þjálfunarkerfi til persónulegrar þjálfunar skátans og styður starf sitt siðferðilegum grundvelli skátalaganna og skátaheitisins. Skátaheitið er sameiningarafi allra skáta. Á grundvelli þess hefur skátahreyfingin staðist átök heimsstyrjalda og eflist með hverju ári.



Ég þakka forystufólki Hafnarfjarðarbæjar stuðning þess við skátastarfið og þá viðurkenningu sem í þeim stuðningi felst. Ungir skátaforingjar hafa alltaf borið hitann og þungann af starfinu og viðurkenning samfélagsins er þeim ómetanleg stoð í kröfuhörðu sjálfbóðastarfi.

Ég hvet Hraunbúa til frekari dáða, síungu skátafélagi og óska Hafnfirðingum til hamingju með skátafélagið sitt, sem er og verður einn af hornsteinum æskulýðsstarfs í Hafnarfirði.

Með skátakveðju,
Ásgeir Ólafsson,
Félagsforingi Hraunbúa.





„Við eigum afmæli...”



Skátafélagið Hraunbúar 80 ára

Til hamingju með afmælið, Hraunbúar!



Sími 565 2525



Fjarðargötu 19 • Sími 444 2410



www.elding.is Sími 555 3565



Reykjavíkurvegi 60 • 555 2887
www.musikogsport.net



Dalshrauni 9B
Hafnarfirði
Sími 555 4711



REYKJAVÍKURVEGI 66 HAFNARFIRÐI SÍMI 565 4100



Firði - sími 555 6655

Hraunbúar þakka veittan stuðning



Til hamingju með afmælið, Hraunbúar!

IDNVÉLAR
Hvaleyrarbraut 20 220 Hafnarfirði Sími 565-5055 Fax 565-5056
www.idnvelar.is idnvelar@idnvelar.is



Fjarðargötu 17
220 Hafnarfjörður
sími 520 2600
Heimasíða: www.as.is

BATTERIÐ
ARKITEKTAR



Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði - sími: 54 54 700
netfang: batteri@arkitekt.is vefsíða: www.arkitekt.is



VÉLAVERKSTÆÐI
JÓHANNS ÓLAFS EHF.



DÖGG

BÆJARHRAUNI 26 • HAFNARFIRÐI
SÍMAR 555 3848 og 555 0202 • FAX 565 2815

Fyrir fólk á fasteignamarkaði



Bæjarhrauni 22
Hafnarfirði
Sími 565 8000

www.hofdi.is



Opið:
mán.-fös.: 9-18
lau.: 10-13

SÍMI 555 0507, DALSHRAUNI 13



Fjarðargötu 13 sími 555 2056

Hjá okkur fáir þið - andlitsbóð - trímform
- fótisnyrtingu - förðun - litun - líkamsmeðferð

FAGFÓLK
Hársnyrtistofa

Fjarðargötu 19, Strandgötumegin • Sími 565 3949



Aðalskoðun ehf.



hagur í heilsu



ÍSLANDBANKI



Fjölskyldu og
fiskiréttastaður

Linnetsstíg 1
Sími 565 5250



HITAVEITA
SUÐURNESJA



www.fjardarposturinn.is

ENTER EHF



HÖNNUNARHÚSIÐ



Prentsmiðjan Steinmark ehf.
Dalshrauni 24 • sími 555 48 55

Hraunbúar þakka veittan stuðning



Til hamingju með afmælið, Hraunbúar!



Hraunbúar þakka veittan stuðning

Ljósálfur: Vigdís



Nafn: Vigdís Jónsdóttir

Aldur: 9 ára

Sveit: Hraunálfar

Hvað ertu búin að starfa lengi í skátunum? Var að byrja

Hver er skemmtilegasta minning þín úr skátastarfi? Félagsútleigan

Er gaman að vera skáti? Já

Af hverju er gaman að vera skáti? Út af því við förum í útilegu

Uppáhalds skátasöngur? Bontonsjú

Hefur þú farið á skátamót í útlöndum? nei

Hvað er nauðsynlegt að taka með á skátamót? föt

En ónauðsynlegt? Nammi

Hvað er skemmtilegast að gera á flokksfundum? Limbó

Ylfingur: Jón



Nafn: Jón Guðnason

Aldur: 9 ára

Sveit: Grábræður

Hvað ertu búinn að starfa lengi í skátunum? byrjaði í skátunum í haust

Hver er skemmtilegasta minning þín úr skátastarfi? Vormót í Krýsuvík

Er gaman að vera skáti? já

Af hverju er gaman að vera skáti? Út af útilegum

Uppáhalds skátasöngur? ó súper skáti

Hefur þú farið á skátamót í útlöndum? Nei

Hvað er nauðsynlegt að taka með á skátamót? mat

En ónauðsynlegt? kodda

Hvað er skemmtilegast að gera á flokksfundum? veit ekki



Ljósálfasveitin Hraunálfar og ylfingasveitin Grábræður

Ljósálfasveitin Hraunálfar er stúlknasveit fyrir 9-10 ára stelpur og ylfingasveitin Grábræður er drengjasveit fyrir 9-10 ára stráka. Unnið er eftir verkefnabókinni Skátinn á ferð austur og eru verkefni fjölbreytt og skemmtileg. Í hverjum mánuði er unnið eftir ákveðnu þema og eru þemur í vetur m.a skátahreyfingin, íslenski fáninn, skyndihjálpi, fuglalíf, útivist, hnútar, rötun og náttúran.

Starfið í vetur hefur gengið vel og erum við búin að halda einn póstaleik, fara í eina útilegu, auk þess að halda kvöldvökur og fleira skemmtilegt.

Guðrún Stefánsdóttir
Sv.for. Hraunálfa



Ljósálfar & ylfingar

Hraunálfar 9-10 ára stelpur
Sveitarforingi Guðrún Stefánsdóttir

Grábræður 9-10 ára strákar
Sveitarforingi Guðrún María Helgadóttir



Skátasveitin Rauðskinnur

Mikið hefur verið gert í starfinu í vetur og hafa fundir verið mjög fjölbreyttir og skemmtilegir. Á flokksfundum sem haldnir eru einu sinni í viku, hafa stelpurnar gert verkefni úr verkefnabók og verkefni frá sveitarföngjum. Einnig hafa þær bakað, farið á skauta, málað kisturnar sínar, farið í klifurvegginn og fleira. Sveitarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði þar sem öll sveitin hittist og fer í leiki, gerir verkefni og margt skemmtilegt.

Við fórum í sveitarútilegu 25. – 27. nóvember s.l. upp í Lækjarbotna sem er skáli Garðbúa. Stelpurnar mættu í Lækjarbotna rétt eftir kvöldmat og var byrjað á að koma sér fyrir og farið í leiki. Eftir morgunmat á laugardeginum var skálaskoðun og í framhaldi af því var haldið út í fána og morgunleikfimi. Póstaleikur var fyrir hádegi

þar sem stelpurnar lærðu að flagga fána, gera skemmtiatriði, skrifa sögu, skyndihjálp og fleira. Eftir hádegi var haldið í lítið hike þar sem labbað var upp á fjallið fyrir aftan Lækjarbotna. Þegar komið var til baka í skálann var slökunarstund þar sem stelpurnar lærðu að nudda og slöppuðu smá af eftir góða gönguferð. Eftir slökunina fengu stelpurnar frítíma fram að kvöldmat. Eftir kvöldmat var haldin kvöldvaka þar sem var trallað og sungið og stelpurnar sýndu skemmtiatriði sem þær gerðu fyrir um daginn í póstaleiknum. Að kvöldvöku liðinni var næturleikur. Þegar stelpurnar komu aftur inn úr næturleiknum var kvöldkaffi þar sem Andri og Gummi voru búnir að baka kökur handa okkur stelpunum. Þarna voru borðaðar kökur og drukkð kakó af bestu

lyst. Þegar stelpurnar byrjuðu að taka sig til fyrir kaffið byrjaði hápunktur útilegunnar sem er viðburður í hverri sveitarútilegu, „draugagangur”. Strákarnir komu og gerðu draugagang sem vakti mikla lukku og eftir það sofnuðu stelpurnar loksins eftir langan og skemmtilegan dag. Sunnudagsmorguninn fengu stelpurnar svo að sofa smá út og svo var ræs. Þegar búið var að þrifa skálann og pakka niður var Singstarkeppni (söngvakeppni) og í framhaldi af því voru slit þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir skálaskoðun, póstaleik og flokk útilegunnar (flokkurinn sem stóð sig best). Svo var komið að heimferð og héldu allir heim eftir skemmtilega helgi.

Nanna Guðrún Bjarnadóttir
Sveitarföngi Rauðskinnna



Rauðskinnur skátasveit

Skátasveit: Rauðskinnur,
Stelpur 11-14 ára

Sveitarföngi:
Nanna Guðrún Bjarnadóttir
Aðstoðarsveitarföngi:
Rakel Ósk Orradóttir

Flokkar og Flokksföngjar:

Fjaðrir: Árný Björnsdóttir

Trítur: Steinunn Guðmundsdóttir og
Erna Strange

Pokaröttur: Ebba Katrín Finnsdóttir og
Birna Sigurðardóttir

Fléttur Dagný Vilhelmsdóttir





Skáti: Marta



Nafn: Marta Grétarsdóttir

Aldur: 13 ára

Sveit: Rauðskinnur

Flokkur: Pokarottur

Hvað ertu búin að starfa lengi í skátunum? 5 ár

Hver er skemmtilegasta minning þín úr skátastarfi? Mjög margar! T.d. Vormót '04 og '05

Er gaman að vera skáti? Já

Af hverju er gaman að vera skáti? Það er gott félagslíf

Uppáhalds skátasöngur? Ó súperskáti og amma mín og amma þín

Hefur þú farið á skátamót í útlöndum? Nei

Hvað er nauðsynlegt að taka með á skátamót? Myndavél

En ónauðsynlegt? Málningadót(maskari o.fl.)

Hvað er skemmtilegast að gera á flokksfundum? Baka, fara út í leiki og klifra

Skáti: Steinunn



Nafn: Steinunn Guðmundsdóttir

Aldur: 14 ára

Sveit: Rauðskinnur

Flokkur: Trítalur

Hvað ertu búin að starfa lengi í skátunum? 3 ár

Hver er skemmtilegasta minning þín úr skátastarfi? Þegar ég og vinkonur mínar læstum okkur inni í tjaldi

Er gaman að vera skáti? Geðveikt gaman

Af hverju er gaman að vera skáti? Útilegurarnar, félagsskapurinn og bara margt annað skemmtilegt

Uppáhalds skátasöngur? Ó súperskáti

Hefur þú farið á skátamót í útlöndum? Nei

Hvað er nauðsynlegt að taka með á skátamót? Sæng koddar og hlý föt

En ónauðsynlegt? Smára

Hvað er skemmtilegast að gera á flokksfundum? bara útifundir og fleira skemmtilegt



„Góðverk.“

(Myndir úr ljósmyndaverkefni sem Riddarar leystu af stakri þrýði.)

„Hættulegt.“

Skáti: Breki



Nafn: Breki Danielsen

Aldur: 15 ára

Sveit: Riddarar

Flokkur: Bjórar

Hvað ertu búinn að starfa lengi í skátunum?: í 5 ár

Hver erskemmtilegasta minning þín úr skátastarfi? Landsmótið 2002 og 2005

Er gaman að vera skáti? JáHá

Af hverju er gaman að vera skáti? Kynnast fólki og fara í útilegu

Uppáhalds skátasöngur?: Ó súperskáti

Hefur þú farið á skátamót í útlöndum? Nei

Hvað er nauðsynlegt að taka með á skátamót? Föt

En ónauðsynlegt? Nammi

Hvað er skemmtilegast að gera á flokksfundum: Allt

Skáti: Kristófer



Nafn: Kristófer Fannar Þórsson

Aldur: 13 ára

Sveit: Riddarar

Flokkur: Drekar

Hvað ertu búinn að starfa lengi í skátunum? 5 ár

Hver er skemmtilegasta minning þín úr skátastarfi? Fyrsta skátaútilegan

Er gaman að vera skáti? Já

Af hverju er gaman að vera skáti? Félagsstarfið

Uppáhalds skátasöngur? Ó súper skáti

Hefur þú farið á skátamót í útlöndum? Nei

Hvað er nauðsynlegt að taka með á skátamót? Góða skapið

En ónauðsynlegt? Vonda skapið

Hvað er skemmtilegast að gera á flokksfundum: Klifra



Skátasveitin Riddarar :: Besta sveit norðan Alþafjalla

Skátasveitin Riddarar er drengjasveit sem telur um það bil 30 skáta og tvo sveitarforingja. Riddarar eru á aldrinum 11 - 14 ára. Sveitin var stofnuð af Hermanní Sigurðssyni þann 21. apríl 1961 og er því 44 ára á árinu og elsta sveitin innan Hraunbúa. Riddarar hafa starfað óslitið frá stofnun sveitarinnar. Hefðir sveitarinnar eru margar og goð sveitarinnar er Genghis Khan. Í vetur eru fjórir flokkar starfandi; Kastalabúar, Drekar, Bjórar og Krossfarar.

Ég tók við sveitinni nú í haust og voru þá um 40 skátar í sveitinni. Vegna gífurlegs áhuga var gripið til þess ráðs að endurvekja hina strákasveitina, Frumbyggja. Við það fóru um 10 skátar úr Riddurum yfir í Frumbyggja til að hægt væri að hafa 2-3 flokka þar. Starfið það sem af er starfsárinu hefur verið með rólegum hætti en stefnt er að því að fara í sveitarútilegu í febrúar.

Sveitarfundir

Sveitarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði og það er mjög mismunandi hvað er gert hverju sinni. Þar má nefna ýmis konar kennslu, leiki og fleira. Oftar en ekki er farið í svokallaðan Riddaraslag en það er leikur þar sem tveir og tveir keppa í þörum. Annar er hestur og hinn er knapinn. Svo keppast þeir um að ná hinum knapanum af baki.

Sveitarútilegur

Sveitarútilegur eru haldnar 1-2 sinnum á starfsári. Þá fer öll sveitin saman í skálaútilegu og þar takast skátarnir á við ýmis verkefni og má þar nefna; „Hike“, matseld, skyndihjálp, súrun og margt fleira. Það hefur verið hefð hjá Riddurum að vera með matarkeppni á laugardagskvöldinu en þar keppast flokkarnir um að vera með besta mat-

inn. Dómarar í keppninni eru sveitarforingjar og aðstoðarmenn þeirra. Dæmt er eftir útliti, bragði og hvort maturinn henti vel fyrir útilegu.

Hinir ósigrandi

„Hinir ósigrandi“ er flokkakeppni innan Riddara. Þar keppa flokkarnir í ýmsum greinum s.s. fitness, vatnsflutningi, súringum, bíldrætti, reipitogi og ýmsum öðrum þrautir.

Ljósmyndamaræðun

Ljósmyndamaræðun hafa verið haldin og þá keppast flokkarnir um að taka bestu myndirnar. Ljósmyndamaræðun er fyrir alla flokka í Hraunbúum. Þá er ákveðið eitthvað þema og myndirnar eiga að vera í takt við það þema hverju sinni.

Smári Guðnason,
Sveitarforingi Riddara



Riddarar skátasveit

Skátasveit: Riddarar
strákar 11-14 ára

Sveitarforingjar:
Smári Guðnason og
Jón Þór Gunnarsson

Flokkar og Flokksforingjar:
Kastalabúar: Ólafur Þórðarson
Drekar: Kristófer Fannar Þórisson
Bjórar: Breki Danielsen
Krossfarar: Reynir Eyjólfsson



Dróttskátasveitin Ds. Trail

Ds.Trail, dróttskátasveitin í Hraunbúum er búin að vera dugleg í vetur, en við höfum meðal annars farið í fjallgöngur, hellaferðir, til útlanda (Vestmannaeyja), á Hellisheiði og unnið í skála félagsins, Hverahlíð. En þetta er bara brotabrot af því sem við höfum verið að bralla í vetur. Einnig hélt dróttskátasveitin að miklu leyti félagsútilegunni gangandi, en hún sá um póstaleikinn og fleira.

Við fórum í Rauðarhólshelli þann 19.nóvember síðastliðinn ásamt jarðfræðingi. Þar hittum við fullt af fólki; ds. Youtoo í Segli, Flugbjörgun-

arsveitina í Reykjavík, útlendinga og litla hvíta kalla sem við kunnum ekki skil á.

Við fórum í útilegu í skátaskálann Þrym á Hellisheiði og vorum þar í samfloti við Unglingadeild Björgunarsveitar Hafnarfjarðar, ásamt hundi. Ds.Trail hefur hjálpað heilmikið til í skála félagsins og ætla margir úr Trail að fara með um jólin í yfirhalingu skálans.

Allir í ds.Trail geta verið sammála um að frábært starfsár er hafið og á eftir að verða enn betra, en það er annars bara undir okkur komið.

ds.Trail - ekkert Bail!



Ds. Trail dróttskátasveit

Dróttskátasveit 15-18 ára

Sveitarforingi: Þórolfur Kristjánsson

Aðstoðar sveitarforingi: Jakob Guðnason

Helgafell týnt!

Á slaginu 20:05 þriðjudagskvöldið 18. október lagði vaskur hópur úr Ds. Trail af stað í leit að hinu fornfræga Helgafelli. Klukkan 20:17 var leiðangurinn mættur við vatnsból Hafnarfjarðar og búnaður hópsins yfirfarinn. Tveimur mínútum síðar var þrammað af stað í þokunni sem þykknaði með hverju skrefi. Þrátt fyrir tví-sýnt ferðaveður var engan bilbug að finna á nokkrum manni því með í för voru þrautreyndir fjallagarpar sem ávallt eru viðbúnir og eiga ráð undir rífi hverju.

Eftir nokkra göngu kom í ljós hellir er einn leiðangursmaður kannaðist við úr fyrri leiðangri sem farinn hafði verið í leit að Blair norminni, sem af gæsa húð leiðangursmanna að dæma var aldrei langt undan.



Eftir að hellirinn hafði verið skoðaður í þaula var tekin hægri beygja upp brekku er líktist mjög rótum Helgafellsins. Nokkrum tugum metrum ofar taldi hópurinn sig eiga vera kominn á tindinn, loksins! En skyndilega birtist út úr þokunni hóll sem virtist ívið hærri en sá sem hópurinn stóð á. Þá voru góð ráð dýr, hvaða hóll var þetta við hliðina á Helgafellinu?! Af einskærri forvitni kleif hópurinn þetta óvænta fjall og áleit að þar væri hið rétta Helgafell.

En annað kom á bátinn þar sem að þarna var á ferðinni einn hóllinn til viðbótar og enga kletta að finna er einkenna top Helgafells. Eftir miklar vangaveltur um hvort fellið væri vinstra- eða hægramegin við tunglið var ákveðið að halda til baka í grunnbúðir og gera hlé á leiðangrinum. Á heimleiðinni var svo farið í Skalla þar sem sveitarfóringinn splæsti ís á línuna án þess þó að borga brúsann.

Pórólfur Kristjánsson
sveitarfóringi Ds. Trail

Dróttskáti: Rake



Nafn: Rake Ósk Orradóttir

Aldur: 17 ára

Sveit: Ds. Trail

Hvað ertu búin að starfa lengi í skátunum? Síðan ég var 9 ára

Hver er skemmtilegasta minning þín úr skátastarfi? Fyrsta útlégan

Er gaman að vera skáti? Já auðvitað

Af hverju er gaman að vera skáti? Vinir, félagslíf og útivistin

Uppáhalds skátasöngur? Ó súperskáti

Hefur þú farið á skátamót í útlöndum? Já – Blair Atholl

Hvað er nauðsynlegt að taka með sér á skátamót? Thermo föt

En ónauðsynlegt? Málningardót (makeup dót)

Hvað er skemmtilegast að gera á flokksfundum? Allt sem er spennandi

Dróttskáti: Smári



Nafn: Smári Guðnason

Aldur: 17

Sveit: Ds. Trail og sveitarfóringi Riddara

Hvað ertu búinn að starfa lengi í skátunum? 9 ár

Hver er skemmtilegasta minning þín úr skátastarfi? Þegar ég fór á Scout 2001 í Svíþjóð með Hraunbúum

Er gaman að vera skáti? Ójá

Af hverju er gaman að vera skáti? Félagslífið og útiveran

Uppáhalds skátasöngur? Það er spurning...Ó stælti skáti

Hefur þú farið á skátamót í útlöndum? Já, einu sinni

Hvað er nauðsynlegt að taka með sér á skátamót? Svefnpokann minn

En ónauðsynlegt? Koddann minn af því að ég get gert koddan úr fötunum

Hvað er skemmtilegast að gera á sveitarfundum? Hitta hina í sveitinni og gera einhver krefjandi verkefni



Skátadeildin Vogabúar

Í vetur var ákveðið endurverkja skátadeildina Vogabúa en hún mun starfa í Vogum við Vatnsleysuströnd. Hún starfar sem deild innan Hraunbúa. Þrír skátaflokkar starfa í Vogabúum í vetur og eru þeir með vikulega fundi í Vogunum. Einnig eru haldnar kvöldvökur, farið í dagsferðir og útilegur. Vogabúar taka þátt í öllu starfi Hraunbúa og því eru mörg skemmtileg og spennandi verkefni framundan. Starfið í vetur er búið að ganga mjög vel. Farið hefur verið í eina útilegu, dagsferð og haldnar hafa verið kvöldvökur. Nú stefna Vogabúar ótrauðir á frábæra félagsútilegu.

Skátastarf í Vogunum er ekki alveg nýtt því á árum áður var starfandi Skáta-

félagið Vogabúar og var það með fyrstu skátafélögunum á landinu. Skátastarf í Vogunum leið undir lok í kringum 1970 en árið 1992 var skátadeildin Vogabúar stofnuð innan Hraunbúa og starfaði hún í Vogunum í rúm 10 ár en lagðist þá niður vegna foringjaskorts. Skátastarfið í Vogunum hefur fengið miklar og góðar viðtökur um 30 börn hafa þegar mætt til leiks en alltaf er pláss fyrir fleiri. Deildarforingjar Vogabúa í vetur verða Guðrún Stefánsdóttir og Guðrún María Helgadóttir en þær störfuðu báðar í skátadeildinni Vogabúum áður en hún lagðist niður.

Guðrún Stefánsdóttir
Sv.for. Vogabúa

Útilífsskóli Hraunbúa

Síðastliðið sumar var starfræktur Útilífsskóli Hraunbúa að venju. Haldin voru fimm námskeið. Hvert námskeið var 5 daga langt og endaði með útilegu við Hvaleyrarvatn. Síðasta námskeiðið endaði með sameiginlegri útilegu allra útilífsskólanna á höfuðborgarsvæðinu, þar sem krakkarnir fóru í póstaleik um Hafnarfjörð.

Á námskeiðunum var fjölbreytt dagsskrá þar sem krakkarnir fengu að fást við hin ýmsu verkefni, t.d. stangveiði, siglingar, sig og klifur, kveikja eld, reisa tjaldbúð, heimsækja slökkviliðið og björgunarsveitina og margt fleira. Námskeiðin eru ætluð börnum á aldrinum 8 til 11 ára,

og er þátttakendum skipt upp í 4 til 6 manna hópa, sem vinna saman á námskeiðinu. Starfsmenn námskeiðanna hafa allir margra ára reynslu í skátastarfi og hafa sótt námskeið í skyndihjálpi og í starfsháttum og öryggisreglum útilífsskóla höfuðborgarsvæðisins. Námskeiðið miðar að því að gera einstaklinginn hæfan til þess að hugsa um sjálfan sig og geta bjargað sér, ganga vel um náttúruna, vinna í hóp og öðlast proska.

Námskeiðin í sumar gengu mjög vel, aðsóknin var mjög góð og krakkarnir voru flest allir sáttir. Fjöldi þeirra sem sóttu námskeiðin skiluðu sér áfram inn í félagið og eru starfandi skátar í dag.



Alþjóðastarf

Hvað er nú það í skátastarfi?

Jú, við förum á erlend skátamót, heimsækjum skáta í öðrum löndum og tökum á móti skátum frá öðrum löndum.

Og hvað er svona skemmtilegt við það?

Skemmtilegt, það er bara svo margt. Kynnst nýju fólki, menningu og samfélagi, eignast nýja vini, upplifa ný ævintýri og ógleymanlegar stundir.

Á síðastliðnum 10 árum höfum við í Hraunbúum kynnst fullt af nýjum vinum og upplifað ógleymanlegar stundir með skátum víðsvegar um heiminn.

Sumarið 1995 var haldið alheimsmót skáta í Hollandi og áttu Hraunbúar 10 fulltrúa á því móti. Fyrir mótið gistum við ásamt öllum hinum Íslendingunum í tjöldum í Þýskalandi og eftir mótið fórum við í heimagistingu í Belgíu þar sem við kynntumst því hvernig Belgar búa.

Sumarið 1996 tók Ds. Trail á móti skátum frá Luxemborg, gengu með þeim Laugarveginn og gerðu margt annað skemmtilegt.

Næsta sumar var svo komið að þeim að taka á móti okkur í þeirra heimalandi. Ógleymanleg ferð fyrir alla sem í hana fóru, því við fórum ekki bara til Lúxemborgar heldur fórum við líka til Þýskalands, Parísar og hluti af hópnum fór líka til Belgíu.

Sumarið 1998 tókum við (Ds. Trail aftur) á móti frönskum skátum. Við eyddum einni helgi upp á Hellsheiði og þar hlupu Frakkarnir okkar um alla heiði í fagnaðarvímum því sömu helgi urðu þeir heimsmeistarar í fótbolta. Þannig var fótbolti ósjaldan spilaður í þessari heimsókn. Því miður varð ekkert úr því að við heimsóttum Frakkana í staðinn.

Sama sumar fóru 5 íslenskir skátar, þar af 1 Hraunbúi til Rússlands á skátamót. Söngur, glaumur og gleði í 2 vikur úti í miðjum skógi og ekki þurfti annað en að rölta nokkur skref og höggva niður tré til að sækja sér trönur og eldivið.

Á alheimsmóti skáta árið 1999 áttum við Hraunbúar einn fulltrúa í hópi 19 íslenskra skáta. Framandi slóðir, skríttinn matur og vinir frá öllum heimsins hornum.

Fríður hópur skáta hélt á skátamót í Noregi sumarið 2000. Fyrir ferðina lét hópurinn merkja skærgula stuttermaboli og stuttbuxur fyrir hópinn. Við vorum því eins konar endurskinsmerki á svæðinu.

Sumarið 2001 var mikið um að vera. Risastór hópur fór til Danmerkur og Svíþjóðar. Í Svíþjóð fórum við á landsmót skáta þar sem voru saman komnir 28.000 skátar, 32 sturtur og stútfullir kamrar með tilheyrandi lykt (þeir sem fóru vita hvað ég meina). Frábær skemmtun í alla staði. Fyrir og eftir mótið dvöldum við í Kaupmannahöfn þar sem við kynntumst dönskum skátum. Nóttina áður en við fórum heim fengum við að upplifa mestu rigningu í Kaupmannahöfn í 10 ár og enginn tími til að þurrka tjöldin

dönsku vinina okkar í sund norður á Dalvík þar sem miðnætursólin skein og fjöllin gnæfðu yfir með snjó undir klettum. Þó að okkur þyki þetta kannski ekki í frásögu færandi þá verður sagan af þessari sundferð örugglega sögð um ókomna tíð í Danmörku.

Um áramóti 2002-2003 voru 2 Hraunbúar í Thailandi á Alheimsmóti skáta. Bros, hlátur og leikur var ríkjandi hvert sem litið var.

Í ágústmánuði árið 2003 fór hópur til Englands í ógleymanlega ferð. Kæruleysi og afslöppun en á sama tíma mikið fjör og lærdómur.

Þetta er ekki tæmandi listi, heldur er ég aðeins að segja frá helstu atburðunum. Við höfum vissulega átt fulltrúa á hinum ýmsu ráðstefnum og námskeiðum



Hraunbúar á Scout 2001 í Svíþjóð, með nýja skandinaviska vini á báða bóga.

svo að við fórum heim með 40 kíló af dönsku rigningarvatni.

Þetta sama sumar tókum við á móti skátum frá Zaragosa á Spáni og fórum meðal annars með þeim inn í Þórsmörk og sýndum þeim flugeldasýninguna á menn-ingarnótt. Ekki töluðum við öll sama tungumálið en það gerði lítið til því það eru til svo margar aðrar leiðir til að tjá sig.

Einnig fóru nokkrir skátar frá Hraunbúum á vinabæjarmót í Finnlandi þetta sumar. Þar bjuggu skátarnir úti í náttúrunni í nokkra daga og þurftu að bjarga sér sem best þau gátu, sem var nú ekki erfitt fyrir vana skáta úr Hraunbúum.

Sumarið 2002 var Landsmót skáta haldið í Kjarnaskógi og þangað fórum við með okkar nýju dönsku vinum frá árinu áður. Eina nóttina drifum við

út um allan heim (Egyptalandi, Ungverjalandi og Þýskalandi svo fátt eitt sé nefnt). Einnig hafa einstaklingar farið sem sjálfboðaliðar til erlendra skátamiðstöðva. Hraunbúar hafa líka í samstarfi við Björgunarsveitina farið erlendis og meðal annars klifið fjöll. Og fjörið heldur áfram, vinir okkar eru og hafa verið út um allan heim í námi og starfi og má nefna nokkra framandi staði svo sem Guatemala, Chile, Réunion Eyjar og Kosovo.

Ég held að það sé óhætt að segja að skátarnir í Hraunbúum hafi gaman af ýmsu alþjóðlegu starfi. Og við erum langt því frá hætt. Nú er stefnan tekin á Alheimsmót skáta á Englandi árið 2007, þar sem við munum fagna 100 ára afmæli skátahreyingarinnar.

Erna Mjöll



Frá foreldri

Ég var beðin sem foreldri að skrifa grein í þetta blað og segja frá því hvernig væri að vera með barn í skátunum. Greinin fjallar kannski lítið um það í sjálfu sér.

Það kom strax upp spurningin, á þetta að vera einhver „smjör” ræða eða á kannski að nota tækifærið og skammast svolítið eða hvað ??

Fyrst skrifaði ég eina tveggja síðna grein og skammaðist mikið út í bæjaryfirvöld fyrir að standa ekki eins vel með skátunum og íþróttafélögunum á staðnum.

Mér fannst allt sem ég sagði þar fjandi gott og allt svo hárrétt en ákvað svo að betra væri að hafa þessa grein eitthvað þínu öðruvísi – afmæli og allt það – þið vitið - svo nú sit ég þess í stað og skrifa svona „melló” grein, þ.e. eitthvað lítið af flestu og vonandi ekki þannig að það stingi neinn :o) Öll dýrin í skóginum eiga jú að vera vinir.

Skátastarf er gott starf, en það gerist ekki bara af sjálfu sér. Það þarf góða stjórnendur á öllum sviðum og góða sem standa að baki þeim. Þar á meðal eigum við foreldrarir að vera og fjármagnið – bæjarstjórnin.

Gott skátastarf kostar peninga, það segir sig nú orðið sjálft í því samfélagi sem við lifum í.

Við lifum á „breyttum tímum”. Fyrir 20-30 árum síðan var þjóðfélagið öðruvísi og hugarfarið í þjóðfélaginu ólíkt því sem er nú. Þá var þetta sjálföð sjálfboda-vinna hjá öllum sem þátt tóku.



Engin félög eins og skátafélög og íþróttafélög eru rekin í sjálfboda-vinnu lengur.

Það er langt síðan flestir skildu það með íþróttafélögin en mjög stutt síðan það fór að skiljast með skátafélögin og hefur ekki skilist á öllum viðeigandi stöðum enn, því miður.

Við hér í Hafnarfirði megum vera nokkuð ánægð með þróun mála hjá okkur. Bæjarstjórnin er farin að sjá að það kostar sitt að halda úti öflugum skátastarfi og ég vona að sá stuðningur sem nú er kominn á, sé hugsaður sem góð byrjun.

Mikið langaði mig til að skrifa viðleitni í staðinn fyrir byrjun þarna. Það er af því að mér finnst skátastarfið svo mikilvægt og frábært starf fyrir krakka og fullorðna

á öllum aldri að það á skilið og þarf á meira fjármagni að halda til að koma sér úr ákveðinni lægð sem ríkt hefur m.a. vegna fjárskorts á öllum sviðum.

Ég vildi að félagið væri miklu stærra og miklu fleiri starfandi með félaginu. Mér finnst sorglegt til þess að vita að þarna úti í samfélaginu er fullt að krökkum sem eiga heima í skátastarfi og myndu standa sig frábærlega þar en þau vita svo lítið um hvað skátastarf er og eru þess vegna ekkert að „þæla” í því.

Til þess að þar verði breyting á verður að kynna starfið og hafa peninga til að kosta kynninguna og starfið.

Ég óska þess innilega að bæjarstjórnin eigi eftir að auka við þau framlög sem þeir hafa ætlað skátafélaginu Hraunbúum.

Það sem bærinn græðir á því að styðja við bakið á skátunum á eftir að skila sér út í samfélagið hér í hæfari einstaklingum á allan hátt.

Starf skátanna byggir upp einstaklinga og eflir þá á svo marga vegu. Skátastarf hentar líka öllum vil ég segja því það er sama hvað er að, hvort um fötlun eða aðrar hamlanir er að ræða. Skátastarfið er þannig upp byggt að það er ætlast til að öllum sé gert jafn hátt undir höfði og að staðið sé saman og hjálpast að en ekki endalaust verið að keppa þar sem



einungis þeir hæfustu fá áframhaldandi „þjálfun“.

Skátastarfið þarf líka að vera í sviðsljósinu, í blöðum og öðrum fjölmiðlum. Fjarðarpósturinn er eina blaðið sem ég veit um sem skrifar þó nokkuð um efnið og mættu fleiri fjölmiðlar taka það sér til fyrirmyndar og hefja og auka umfjöllun um starfið.

Skátalíf er útilíf. Það er mikið um útilægur og alls konar útiveru í skátastarfi og stundaðir leikir úti sem inni. Krakkar læra að bjarga sér á ýmsum vígstöðvum og öðlast vissa færni til sjálfstæðis á mörgum sviðum.

Starfið er líka alþjóðlegt og auðvelt að vera í sambandi við skáta út um allan heim ef áhugi er fyrir því.

Það er mjög mikilvægt fyrir börnin okkar og þá sem starfa í skátunum að finna stuðning frá okkur foreldrunum og að við fylgjumst með af áhuga á því sem verið er að gera.

Það treystir líka vináttubönd krakkanna



og foreldrarnir kynnast og eru miklu betur í stakk búnir til að taka þátt í því sem fram fer í skátastarfinu og aðstoða þegar á þarf að halda.

Gott skátastarf batnar með virkri þátttöku okkar foreldranna. Það er engin skylda að hafa verið og vera skáti sjálfur

til að taka þátt í starfinu með börnunum sínum.

Það er skemmtilegt og gott að börnin geti kennt okkur foreldrunum eitthvað líka og það gera þau ef við tökum þátt í starfinu með þeim, förum í útilægur, á skátamót, kvöldvökur og að ég tali nú ekki um Landsmót, sem eru stórkostlegar upplifanir.

Skátastarf er lífsstíll, heilbrigður og fyrir alla.

Gerum sem flestum kleift að kynnast því og taka þátt í því, þjóðinni allri til framsýningar.

Til hamingju með afmælið Hraunbúar og aðrir bæjarbúar, megi afmælisbarnið stækka og dafna.

Jóna A. Imsland

Eftiskrift: Það lekur nú kannski „smjörið“ af þessum skrifum þegar upp er staðið :o))

Óskum
Hraunbúum
til hamingju
með 80 ára áfangann



Kær kveðja,
Hafnarfjarðarbær



Skátastarf með móðurmjólkinni Fjórir gítarleikarar í einni skátafjölskyldu

Það er ekki óalgengt að heilu fjölskyldurnar taki þátt í skátastarfi enda er skátastarf einstaklega hentugt fyrir fjölskyldufólk. Guðni Gíslason og Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir kynntust í skátastarfi og strákarnir þeirra sex hafa alist upp með skátastarfinu eða hreinlega í skátastarfinu. Guðni hefur verið í Hraunbúum síðan 2. mars 1965, „Ég man svo vel eftir vinnubókinni sem einn aðstoðarforinginn hjálpaði mér við að fylla út. Hann skrifaði 2 svo fallega og ég sé dagsetninguna enn fyrir mér þó bókin sé löngu glötuð”, segir Guðni og það er ekki laust við að svipur hans verði fjarlæg og kannski er hann horfinn í minningarnar.

Kristjana segir að í dag sé oft fámennt heima, oft ekki nema fjögur í mat. „Næst elsti sonurinn, Kristján, er fluttur að heiman fyrir þó nokkru og er búinn að gera okkur að stoltri ömmu og afa. Hann valdi sundið rúmlega ellefu ára þegar tíminn leyfði ekki mikið annað en það. Hann hafði verið ylfingur og skáti í nokkurn



Kristjana og Guðni með þrjá af sex skátasonum sínum á 75 ára afmæli Hraunbúa. Kumpáninn í brúna búningnum er vaxstyttu af Sir Robert Baden-Powell, stofnanda skátahreyfingarinnar.



Þessi mynd af Gísla birtist á forsiðu sænska skátablaðsins Scout.

tíma, náði að troða sér inn ári fyrir en hann átti þrátt fyrir að við vildum ekki láta strákana byrja of snemma. Hann var búinn að vera með okkur svo mikið og var mikill skáti í sér og er í rauninni enn. Litla fjölskyldan kom í heimsókn til okkar á Landsmót skáta þegar litla stúlkan var aðeins mánaðargömul. Sá elsti, Gísli, er í sambúð og er við nám á Ítalíu og er enn með skátabakteríuna og hjálpar til þegar hann getur. Allir hinir nema sá yngsti sem er aðeins 4 ára eru í skátunum, Jón er nýbyrjaður í ylfingunum en tveir eru í foringjastörfum og eru sennilega meira í skátaheimilinu en heima.”

Fjölskyldan hefur verið áberandi í sönglífi skátafélagsins, Guðni segist hafa í raun neyðst til að læra á gítar til að geta látið skátana syngja á fundum. „Gítarinn var nokkurs konar hækja fyrir mig, ég lærði þó aldrei meira en það allra nauðsynlegasta og öskraði bara „hærra”

þegar ég vissi ekki hvaða grip átti að taka. Ég stjórnaði þó fjölmörgum kvöldvökum og spilaði undir, enda var sjálfs-traustið mikið á þessum árum og kröfurnar eflaust ekki miklar.”

Kristjana er fagmaður á tónlistarsviðinu og hún var reyndar að spila á orgelið í Bessastaðakirkju þegar Guðni heyrði eitthvað aukahjóð í orgelinu og leit Kristjönu þá fyrst augum. Hún spilaði við fjölmargar helgiathafnir skátanna og stjórnaði hafnfirski skátakórnum þegar hann var stofnaður um áraskeið. Að sögn þeirra hjóna lærðu strákarnir á ýmis hljóðfæri í Tónlistarskólanum en þeir þeirra enduðu með gítarinn á kvöldvökum.

Jakob hefur blómstrað á kvöldvökum, er mikill stuðbolti og stjórnar hreyfisöngvum af mikilli innlifun auk þess að spila á gítar. Smári sækir í sig veðrið og þeir bræður spila oft saman á kvöld-



Kristján ylfingur við gróðursetningu í Seldal.

vökum og Gísli einstaka sinnum þegar hann er heima.

„Skátastarfið hefur gefið mér geysilega mikið”, segir Guðni „en ég var mjög feiminn unglingur. Í skátastarfinu lærði maður að bera ábyrgð og standa frammi fyrir öðrum auk þess sem maður lærði að ekkert er ómögulegt, maður getur það sem maður vill. Manngildishugsjón skátastarfsins er einstök og þarna er blandað saman leik, starfi og fræðslu svo úr verður einstök hreyfing. Jafningjafræðsla hefur verið stunduð í skátastarfi frá upphafi enda eru skátarnir látnir taka á sig ábyrgð og vinna saman undir eftirliti eldri foringja. Stundum gengur þetta misjafnlega en þegar vel tekst til verður til stórkostlegt starf”, segir Guðni og er aftur kominn með þennan dreymandi svip.

Hvað er það sem hefur haldið ykkur að skátastarfinu?

„Það er allt þetta yndislega fólk auk þess sem við viljum hjálpa til við að gefa ungu fólki tækifæri á að upplifa það spennandi starf sem við upplifðum”, segir Guðni og Kristjana tekur undir það. „Þarna getum við starfað með fólki á öllum aldri og það eru engin takmörk

hvaða vitleysu maður lætur plata sig út í,” segir Guðni og þau sýna myndir frá þjóðarkvöldum St. Georgsgildisins þar sem nokkrir félagar hafa farið í gervi ýmissa listamanna, dansað part úr Svanavatninu, sungið sem Hljómar, verið dragdrottningar á Karnivali og ýmislegt annað og 70 ára aldur sumra er þar engin hindrun.

„Það er líka virkileg þörf á því að berast fyrir auknum stuðningi við skátastarfið”, segir Guðni, „skátastarfið virðist alltof oft gleymast þó nú hafi Hafnarfjarðarbær loksins gert ágætan rekstrarsamning við Hraunbúa. Það eru engir og verða engir áhorfendapallar í skátastarfi og þar eru engir varamenn, allir eru með. Í skátastarfinu er líka pláss fyrir alla enda má sjá að þar má finna töffarana, gáfna-ljósinn, venjulegu krakkana og þá sem verða útundan annars staðar. Allir þurfa þó að gefa eitthvað af sér svo það er oftast undir hverjum og einum komið hvað þeir fá út úr skátastarfi. Á sama tíma og menn keppast við að búa til ný forvarnarfélög og finna upp ný nöfn á vandamál og lausnir gleyma menn að m.a. í skátunum er rekið gríðarlega metnaðarfullt æskulýðsstarf þar sem unnið er markvisst að því að gera ungt fólk að betri



Gísli á leik með flugdreka við Hraunbyrgi á innritunardegi.



Smári aðstoðar Vigdís forseta við gróðursetningu á Vormóti í Krysvík.

þjóðfélagsþegnum og hefur verið gert í hátt í heila öld.” Nú eru orðin farin að vella út úr Guðna og hann er að verða heitur en við náum honum aftur niður á jörðina og spyrjum hvort mikilvægt sé að foreldrarnir hafi áhuga á því sem krakkarnir taka sér fyrir hendur.

„Það er mjög gott að hafa áhuga á því sem krakkarnir eru að fást við og styðja þau. Hins vegar er mikilvægt að þau séu í starfi á eigin forsendum og án þrýstings frá foreldrunum en það getur verið erfitt að finna hinn gullna meðalveg á milli þess að vera ýtinn annar vegar og afskiptalaus hins vegar.”

Strákarnir hafa allir alist upp með skátastarfið sem sjálfsgöðan hlut í starfi fjölskyldunnar, Guðni var mjög virkur í starfi um langt árabíll, var tvívegis félagsforingi Hraunbúa og starfaði mikið fyrir Bandalag íslenskra skáta. „Nú erum við meira til hlés og hjálpum til þegar við erum beðin um aðstoð. Minni tími hefur verið fyrir skátastarfið undanfarið vegna vinnu svo við fylgjumst meira með starfi strákanna í gegnum súrt og sætt. Við getum ekki annað en verið stolt af strákunum og vonandi eiga þeir eftir að eiga mörg ánægjuleg ár í skátastarfi.”



Vormót Hraunbúa

Það er ávanabindandi að fara á Vormót. Með hverju Vormótinu verður erfiðara að mæta ekki næst. Þannig að maður bara mætir, svo einfalt er það.

Vormót er orðinn fastur liður í lífi margra skáta og reyndar fastur liður í lífi margra annarra.

Sumarið í ár byrjaði eins og öll önnur sumur, með Vormóti. Það er ansi algengt að það rigni duglega á Vormóti og ég er ekki viss um að elstu menn muni Vormót þar sem ekki kom dropi úr lofti enda er rigningin yfirleitt innifalin í mótsgjaldinu. En í ár sluppum við alveg þokkalega vel því það rigndi svo ósköp lítið að aðeins fáir útvaldir tóku eftir því.

Það var mikið um að vera á Vormóti í ár líkt og áður. Áhersla var lögð á tjaldbúðavinnu til að undibúa mannskapinn fyrir Landsmót.

Tjaldbúðunum var að venju skipt í þrennt, almennar skátabúðir, dróttskátabúðir og fjölskyldubúðir. Mikið var um að vera á öllum vígstöðvum og mikið við að vera. Almenn dagskrá allan daginn og þar gátu allir tekið þátt, dagskrá eftir kyrrð fyrir dróttskátana og svo var eitt og annað brallað í fjölskyldubúðum.

Hátíðarkvöldvakan var að venju á laugardagskvöldi og að henni lokinni voru tónleikar. Undanfarin Vormót höfum við fengið hljómsveit til að halda tónleika og myndast svakalega góð stemming í brekkunni þar sem fólk á öllum aldri syngur og dansar sem mest það má, jafnt elstu skátar, foreldrar og allt niður í yngstu systkini sem annað hvort kíkja í heimsókn eða gista í fjölskyldubúðum.

Sennilega eru fjölskyldubúðir sá þáttur Vormóts sem mest hefur vaxið undanfarin ár, á hverju ári bætast við tjöld og nýtt fólk. Gamlir skátar koma með börnin sín, foreldrar skáta koma með yngri systkini og svo eru þó nokkrir sem aldrei hafa komið nálægt skátastarfi en mæta alltaf á Vormót með börnin sín og gista í fjölskyldubúðum.

Það er einstök upplifun að fara á Vormót, hvert Vormót er einstakt en þó svo skemmtilega líkt öllum hinum. Það er alveg nauðsynlegt að mæta, þó ekki sé nema til að kíkja í heimsókn og upplifa brot af stemmingunni. Við hvetjum alla sem vettlingi geta valdið að mæta á næsta Vormót og upplifa byrjun sumars með okkur.





Adora
Gegnheil eik, klrsüber.

fínar línur

í eldhúsinnréttingum



Bilma
Hvitt lakk.

Allt á einum stað
Í sýningarsal okkar að Faxafeni
8, er úrval innréttinga sem eru
hver annarri fallegri. Ekkert
jafnast á við ítalska hönnun.
Aran framleiðir innréttingar í
hæsta gæðaflokki sem hlotið
hafa frábærar viðtökur á
Íslandi. Við teiknum og gerum
tilboð og fjórum til sex vikum
síðar ert þú kominn með
glæsilegt ítalskt eldhús.



Tenes
Håglans.



Tenes
Håglans.



InnX innréttingar ehf
Faxafen 8 · Sími 577 1170
innx@innx.is · www.innx.is



Landsmót skáta 2005

Landsmót skáta var haldið í sumar við Úlfjótssvatn. Um 60 skátar á öllum aldri fóru frá Hraunbúum. Mótið byrjaði á miðvikudegi og komu krakkarnir sér vel fyrir í tjöldum sem skátafélagið á. Ekki var hægt að kvarta yfir veðri því strax á öðrum degi þurftum við fararstjórnir og sveitaforingjar að bera sólarvörn á krakkana í matartímunum. Það sem stóð upp úr hjá öllum var veðurblíðan sem allir fengu á þessum tíma en flugurnar gerðu nú vart við sig í óþökk flestra. Mikil gleði ríkti svo þegar nokkrir af landsfrægum skemmtikröftum komu á svæðið á stóra sviðið en þar má nefna Hildi Völu, Á móti sól og Nylon. Dagskráin var mjög fjölbreytt enda völdu skátaflokkarnir sér dagskrá úr þykri möppu allt frá danskennslu til „River Rafting“.





80 ára

Skátafélagið Hraunbúar

„Það á afmæli...”



Ertu með partý í kvöld?




VOGABÆR

Sími 424 6525 www.vogabaer.is

með krydd-
blöndu



með papriku -
blöndu



með lauk



Auglýsingastofla Guðrúnar Ólafssonar



Félagsútilega

Já. Félagsútilegan er sko saga til næsta bæjar. Við Hraunbúar ætluðum nú heldur betur að eiga frábæra helgi á Úlfjótavatni. Þemað var á hreinu, búið að kaupa í matinn, setja á sig skátaklúttinn og pakka niður lopapeysunni og inniskónum. En viti menn, það gleymdist að panta gott ferðaveður.

Fyrst var farið að spá leiðindaveðri. En við erum skátar og hugsuðum iss piss, það reddast, veðurspáin getur nú breyst. Það hvarflaði ekki einu sinni að okkur að við kæmumst ekki af stað. Svo dró nær föstudegi og enn var veðurspáin slæm og svo verri og svo miklu verri. Föstudagur rann upp og nú voru góð ráð dýr. Ekki fannst okkur koma til greina að

hætta við ferðina og ekki var hægt að fresta henni.

En þar sem við erum Hraunbúar þá bara leystum við málin með stæl. Í staðinn fyrir að fara í kolvitlausu veðri austur fyrir fjall á föstudegi þá bara byrjuðum við ferðina í Hraunbyrgi, héldum kvöldvöku, drukkum kakó, sváfum í flatsæng og höfðum það mjög skemmtilegt.

Laugardagur rann svo upp bjartur og fagur. Þþá pökkuðum við okkar hafurtaski niður drifum okkur upp í rútu og austur að Úlfjótavatni.

Þegar við vorum svo þangað komin hófst hin fínasta dagskrá eins og ekkert hefði í skorist. Enda ekki yfir neinu að kvarta. Veðrið var fínt, maturinn líka,

félagsskapurinn frábær og dagskráin að komast í gang.

Eftir heilmikla útiveru, kvöldmat, kvöldvöku, næturleik og kakó fóru flestir skátar sælir í pokann sinn. Já ég sagði flestir, ekki af því að það hafi ekki allir verið sælir heldur af því að það fóru ekki allir í pokann sinn. Til dæmis fór einn skáti í einhvern allt annan poka því hans poki gleymdist í bænum. En það er ekki heldur hann sem ég var að hugsa um heldur dróttskátarnir. Það er nefnilega þannig að dróttskátarnir halda uppi dagskrá á daginn fyrir yngri skáta. Þegar yngri skátarnir eru komnir í ró er kominn tími fyrir dróttskátana að fara í dagskrá sem er skipulögð fyrir þá,



2005

eða ætti ég kannski frekar að segja næturskrá!

Á sunnudag voru margir þreyttir og ekki bara dróttskátarnir. Það var samt ekki slegið slöku við og enn var haldið áfram með ýmislegt skrítið og skemmtilegt. Til dæmis að ýta bílum sem hvorki voru bílaðir né fastir. Eftir góðan hádegismat og tiltekt var farið heim með fullt af nýjum minningum í bakpokanum.

Það er alveg á hreinu að þó flestar félagsútilegur séu á sama tíma árs, dag-skráin sé keimlík og oftast farið að Úlfliótsvatni eða í Vatnaskóg þá er engin útilega eins. Hver og ein félagsútilega er nýtt ævintýri sem enginn Hraunbúi vill missa af.





„Við eigum afmæli...”



Skátafélagið Hraunbúar 80 ára



Sigga & Timo

G U L L S M Í Ð I

STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS

GÍTARAR

frábært úrval



Í Tónastöðinni finnur þú einstakt úrval hljóðfæra á góðu verði, nýtur og fjölgir hluti.
Fagleg rúðgölf - frábær þjónusta



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

TÓNASTÖÐIN | Skipholti 50d | 108 Reykjavík | sími: 552 1185 | www.tonastodin.is



Teg 2001
106.000.- stgr.



Teg 299/6
19.600.- stgr.



Teg 704
79.100.- stgr.



Teg 43
21.400.- stgr.



Teg 44
10.500.- stgr.



Teg 287
9.400.- stgr.

Skápar, stólar, kömmóður, sófaborð..
allt fullt af húsgögnum



Teg 8079R

Teg 8081R

Teg 8080R



Rococo stólar margir litir
Teg 2064 frá kr. 24.900.- stgr.



Teg 544 25.900.- stgr.

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 HAFNARFIRÐI SÍMI 565 4100

JOTI!

Hugmyndaflug skáta er hreint ótrúlegt. Allt frá litlum nýstárlegum hugmyndum eins og hælbolta, sem er nú þekkt íþrótt innan Hraunbúa, til stafræns skátamóts á internetinu!

Það fyrsta sem þú hugsaðir væntanlega þegar þú last fyrirsögnina hefur verið, hvað er JOTI? Það er von að þú spyrjir. Nafnið er skammstöfun fyrir „jamboree on the internet” eða heimsmót skáta á internetinu.

Mótið er haldið þriðju helgina í október ár hvert. Þá hittast þúsundir skáta úr öllum heimsins hornum á internetinu og spjalla saman um heima og geima, allt frá skátastarfi til barneignar Britney Spears.

„Ha! Skátamót á internetinu? Hvernig fer það fram?”

Möguleikar internetsins aukast sífellt. Fyrir nokkrum árum spjölluðu skátar aðeins saman í gegnum svokallað IRC, sem er spjallstöð þar sem hægt er að skrifa á. Í dag geta skátar hist og talað saman líkt og þeir stæðu á móti hvor öðrum með hjálp nýjustu tækni. Sífellt fleiri skátar sækja mótið ár hvert og nýjar leiðir eins og hljóð- og myndspjall verða vinsælli með hverju nýju ári.



„Eru skátar svona latir að þeir nenna ekki á skátamót í náttúrunni lengur?”

Að sjálfsögðu eru allir sem hafa gengið í gegnum skátapjálfun hinir mestu garpar og láta nokkra daga svefn undir berum himni eða í snjóhúsi ekki á sig fá. Það kostar hinsvegar mikinn pening að fara til útlanda á skátamót og því bjóða Hraunbúar yfir-

leitt upp á utanlandsferð annað hvert ár. Þátttökugjald á heimsmót skáta á internetinu er ekkert og það eina sem skátinn þarf er internettenging og tölva. Mótið skapar þannig einstakt tækifæri til að kynnst menningu annarra landa, eignast fjarlæga skáta-

vini og kynnst skátastarfi í öðrum löndum.

„Hraunbúar eru bestir!”

Að sjálfsögðu taka Hraunbúar virkan þátt í JOTI og var svo komið að Hraunbúar áttu flesta íslenska þátttakendur á mótinu!





Flokksforingjanámskeið

Hraunbúar og Kópar héldu í sameiningu flokksforingjanámskeið í Hraunbyrgi síðustu helgina í september. Föstudagskvöldið 30. september voru 37 foringjaefni framtíðarinnar saman komin við skátaheimili Kópa og þaðan lá leiðin niður í Hraunbyrgi.

Þar gistu þau í tjöldum bakvið skátaheimilið og höfðu það mjög gott þar. Svo seinna um kvöldið var horft á upptökur frá Idolinu og slappað af. Á laugardegnum tók svo við erfiðlið. Þá var póstaleikur þar sem krakkarnir lærðu ýmsa fróðlega hluti um skátastarf og hvað er hægt að gera á fundum og fleira í þeim dúr. Foringjaefnin lærðu að súrra, lærðu um

kort og áttavita, siði og venjur, söngva og leiki og dagskrárgerð.

Eftir póstaleikinn var haldið í verkefnavinnu en þar sömdu flokkarnir leikrit fyrir kvöldvökuna og fengu þau leiðbeiningar um hvað leikritið ætti að vera. Eftir það var komið að kvöldmat í boði Óla Gab., meistararakkoks Hraunbúa, og Örvass. Eftir kvöldmatinn fengu þau kynningu frá Regnboga-börnum um einelti. Eftir kynninguna var kvöldvaka í umsjá Smára og Óla en hún heppnaðist mjög vel og krakkarnir voru mjög sáttir við hana.

Svo var haldið í næturleik en þar var bundið fyrir augun á öllum nema flokksforingjum. Þeir áttu síðan að leiðbeina

flokkunum niður í Sundhöll Hafnarfjarðar en það óvænta var að flokksforingjarnir áttu ekki að leiðbeina sínum eigin flokk. Sá flokkur sem var fyrstur í Sundhöllina vann næturleikinn. Þar var farið í hörkumiðnætursund sem vakti mikla lukku eftir allt erfiði laugardagsins.

Eftir sundið var svo haldið aftur í Hraunbyrgi. Þar var boðið upp á heitt kakó og kek. Eftir það var komin kyrrð og krakkarnir sendir í tjöldin. Á sunnudeginum fengu foringjaefnin það verkefni að skipuleggja einn flokksfund og þegar þau voru búin að því þá áttu þau að framkvæma fundinn. Eftir það var farið að taka til og gera allt hreint og fínt í Hraunbyrgi.





Þrír Hraunbúar

hlutu Forsetamerkið

Árlega afhendir forseti Íslands verndari skátahreyfingarinnar, dróttskátum Forsetamerkið.

Dróttskátþjálfunin hefur frá upphafi verið tengd við ættjörðina, lýðveldið Ísland. Tákníð um lok dróttskátþjálfunarinnar er nefnt Forsetamerki og hafa dróttskátar alla tíð þegið það úr hendi forseta Íslands. Fyrstu Forsetamerkin voru afhent 24. apríl 1965, það gerði

Ásgeir Ásgeirsson þáverandi forseti Íslands og verndari skátahreyfingarinnar. Árið 2000 voru handhafar Forsetamerkisins orðnir rúmlega 1000.

Forsetamerkið er staðfesting þess að skátinn hafi hlotið tiltekna þjálfun í skátahreyfingunni og með starfi sínu talist verður þess að hljóta þessa viðurkenningu. Skilyrði fyrir afhendingu þess er að skátinn:

■ sé 17-20 ára

■ hafi stundað þróttmikið dróttskátastarf samfellt í tvö ár hið minnsta

■ hafi lokið tilskyldum námskeiðum og verkefnum sem tengjast dróttskátavörðunni, gullnu vörðunni og forsetavörðunni

■ hafi lífað í anda skátaheitis og skátalaga.



Nanna Guðrún Bjarnadóttir, Ólafur Sigurgeirsson og Rakel Ósk Orradóttir

Hraunbúadagatalið

Ef þú ert Hraunbúi þá er líklegt að dagatalið þitt miðist við aðeins öðruvísi viðburði en flestra annarra. Á Hraunbúadagatalinu byrjar haustið á því að skólar og skátastarfið byrjar. Félagsútilega boðar vetrarkomu það vitum við, því þá fyrst, þarf að klæða sig í vetrarfötin af alvöru. Svo líður að jólum og áramótum eins og hjá öllum öðrum. Vorið byrjar með sumardegnum

fyrsta. Það er kannski ekki rökrétt að segja að sumardagurinn fyrsti sé ekki fyrsti dagur sumars en við sem þrómmum um bæinn með fána vitum að það er í raun vorinu sem við erum að fagna, því ekki er sumarhitinn til staðar. Sumarið byrjar svo í alvörunni á vormóti.

Er ekki dásamlegt að vera Hraunbúi og hafa það á hreinu hvernær árstíðirnar byrja - í alvörunni?

Takk fyrir, Dróttskátar!

Til þess að skátafélagið geti haldið upp á hina ýmsu viðburði þarf marga sjálfbóðaliða. Helsta auðlindin er fólgin í góðu dróttskátastarfi þar sem dróttskátarnir vinna félaginu mikið gagn. Sjá þeir meðal annars um vormót, félagsútilegu, jólafundi, uppgerð á skálum og margt fleira. Skátafélagið Hraunbúar þakkar dróttskátunum fyrir fórnúst starf á liðnu ári.



Heiður og þökk sé þeim, sem stigu fyrstu skátasporin í Hafnarfirði

Skátastarf í Hafnarfirði byrjaði 22. febrúar 1925, en þá var fyrsti skátaflokkurinn í Hafnarfirði stofnaður.

Það var Jón Oddgeir Jónsson, síðar þjóðkunnur maður fyrir störf sín í Slysavarnarfélagi Íslands og kennslu í hjálpi í viðlögum, sem var þar í forystu. Hann átti heima í Reykjavík, var félagi og foringi í Skátafélaginu Væringjum í Reykjavík.

Jón Oddgeir var skáti af lífi og sál og tók þátt í störfum Væringja með elju og áhuga. Þar bar það á góma meðal skátafélaganna í Væringjum, að skátahreyfingin ætti erindi við Hafnfirðinga, ekkert síður en Reykvíkinga. Þar væru dugmiklir og hæfileikaríkir drengir starfandi í KFUM Hafnarfirði, drengir sem væru góð skátæfni. Og Jón Oddgeir sat ekki aðgerðarlaus með hendur í vösum. Hann hófst handa með að kynna hafnfirskum drengjum skátastarfið.

Hann valdi í samráði við forystumenn KFUM í Hafnarfirði 9 hafnfirska drengi og stofnaði með þeim skátaflokk. Það var 22. febrúar 1925, eins og áður er sagt, á afmælisdegi Róberts Baden Powells, stofnanda skátahreyfingarinnar.

Undir leiðsögn Jóns Oddgeirs fetuðu þessir drengir sig eftir skátabrautinni, lærðu skátafræðin og tileinkuðu sér skátaandann. Vikulega kom hann á hjólinu sínu í Hafnarfjörðinn og stjórnaði flokksfundum, kenndi og æfði það sem skátum var ætlað að kunna. Það var ekki slegið slöku við því að um vorið höfðu allir drengirnir lokið bæði nýliðaprófi og



Stofnendur Skátafélags Hafnarfjarðar. Foringjarnir. Fremri röð: Hilmar Þorbjörnsson, Róbert Schmidt, Benjamin Eiríksson, Oddgeir Magnússon, Þráinn Sigurðsson. Aftari röð: Sverrir Magnússon, Hallgrímur Sigurðsson, Jón Oddgeir Jónsson, leiðbeinandinn, Jón Ingi Guðmundsson, Guðmundur Egilsson. Lífið tvístraði fljótt þessum hópi.

2. flokksprófi og tileinkað sér grunnatriði skátastarfsins.

Þá var flokknum skipt upp, þegar fjórir nýir flokkar voru stofnaðir í Hafnarfirði og fyrsta hafnfirska skátasveitin varð til. Drengirnir sem stofnuðu fyrsta hafnfirska skátaflokkinn urðu flokksforingjar í nýju skátaflokkunum. Grundvöllurinn að starfi Hraunbúa var lagður. Einn af þessum drengjum sem stofnuðu fyrsta hafnfirska skátaflokkinn var Benjamin Eiríksson, síðar efnahagsráðunautur íslensku ríkisstjórnarinnar og bankastjóri. Hann gaf út minningar sínar og þar er að finna tvær ljósmyndir sem hér birtast. Önnur myndin er af frumherjum í fyrsta hafnfirska

skátaflokknum en hin er frá skátamóti í Prastaskógi 1925, sem Benjamín segir vera fyrsta skátamót á Íslandi. Textinn sem fylgir myndunum er tekinn orðréttur úr bók dr. Benjamíns Eiríkssonar.

Fyrstu skátarnir störfuðu af miklum áhuga og eldmóði. Það sést m.a. á því að á sama ári og þeir stofna flokkinn eru þeir komnir austur í Prastarskóg og eru meðal þátttakenda í skátamótinu þar. Þökk sé þeim og heiður sem stigu fyrstu skátasporin í Hafnarfirði.



Fyrsta skátamót á Íslandi, í Prastaskógi 1925. Jón Oddgeir sveitarforingi er efst til vinstri við miðju. Fremst til vinstri eru Hafnfirðingarnir: Stefán Sigurðsson, við hlið hans Baldur Magnússon, milli þeirra Oddgeir bróðir Baldurs, Róbert Schmidt er með hvíta snúru á klút. Benjamín er fremst til hægri.

Brot úr sögu Hraunbúa

1925

Jón Oddgeir Jónsson stofnar fyrsta skátaflokkinn í Hafnarfirði 22. febrúar. Um vorið eru 28 drengjaskátar komnir til starfa. Þá er einnig búið að stofna kvenskátaflokk. Foringi kvenskátanna er Guðrún Sigurðardóttir.

1927

Um haustið flyst skátastarfið í herbergi í Gunnarssundi 5, en það hús átti faðir Róberts Schmidts. Þá stofnuðu skátarnir bókasafn fyrir sig. Þar voru meðal annarra bóka allar Íslendingasögurnar, að visu óbundnar.

Minningar í máli og myndum



Bessi Þorsteinsson, Bjarni Sigurðsson, Eyjólfur Ámundason og Svavar Geirsson. Myndin er tekin á landsmóti 1970 fyrir mótsblaðið. Myndatextinn var: „Án þeirra hjálpar gaulðu garnirnar í öllum mótsgestum núna.“



Eiríkur Jóhannsson, Ólafur K. Guðmundsson og Gunnar Bjarnason í leit að stað fyrir skála sem síðar fékk nafnið Hverahlíð.



17. júní 1948.



Magnús Már Júlíusson (t.v.) í gervi guðsins Heimdallar. Á landsmóti 1970.



Ein af fyrstu útilegunum. Hermenn sáu um að koma skátum á staðinn.



Ólafur K. Guðmundsson í sinni fyrstu útilegu. Bakpokann og svefnpokann hafði hann fengið í feringargjöf



Hraunbúar á landsmóti í Bodö í Noregi 1964.



1947. Kvenskátar fá inngöngu í félagið.



Sumir breytast minna en aðrir á 35 árum. Kannast einhver við þennan?

Skátaferill Ólafs Proppé

■ Skátaskólinn á Úlfjótssvatni sumarið 1950. ■ Ylfingur í Skátafélagi Reykjavíkur 1950. ■ Skáti í Birkibeinum, Skátafélagi Reykjavíkur, 1953. ■ Skáti í Hraunbúum Hafnarfirði 1956. ■ Fjölmörg trúnaðar- og forystustörf í Hraunbúum, var m.a. flokksforingi, sveitarforingi, í stjórn félagsins og mótsstjórnnum á þess vegum. ■ Félagi og einn af stofnendum skátakórs í Hraunbúum 1959-1964. ■ Sveitarforingjanámskeið á Úlfjótssvatni 1958. ■ Gilwell fyrir sveitarforingja (fyrsta Gilwell-námskeið á Íslandi undir stjórn Odd Hopp) 1959. ■ Erindreki Bandalags íslenskra skáta 1959-1960. ■ Ritstjóri Foringjans 1961-1963. ■ Fyrsti formaður Gilwell-hringsins 1963-1965. ■ Gilwell fyrir Roverskáta í Gilwell-Park, London, undir stjórn John Thurmann 1963. ■ Ýmis verkefni fyrir Bandalag íslenskra skáta 1960-1974. ■ Leiðbeinandi og stjórnandi á fjölmörgum námskeiðum fyrir skátaforingja, félagi á hjálpararsveitum skáta og annað björgunarsveitafólk frá 1960. ■ Kennari á Gilwell-námskeiðum á Úlfjótssvatni 1963-1970. ■ Mikil störf fyrir landsmót skáta á Þingvöllum 1962 og landsmót skáta að Hreðarvatni 1970. ■ Var tilnefndur tjaldbúðastjóri fyrir Nordjamb 1975 í Lillehammer, en það st lausnar frá því starfi vegna framhaldsnáms erlendis. ■ Jamboree 1995 í Hollandi (þar sem Landsbjörg kynnti sérstaklega starf hjálpararsveita skáta á Íslandi sem skátastarf fullorðinna). ■ Félagi í Hjálpararsveit skáta í Hafnarfirði 1958. ■ Í stjórn Hjálpararsveitar skáta í Hafnarfirði í 13 ár, þar af sveitarforingi í 11 ár (1967-1969, 1971-1975 og 1983-1988). ■ Formaður Landsambands Hjálpararsveita skáta frá stofnun 1971-1973 og 1989-1991. ■ Formaður Landsbjargar, Landssambands björgunarsveita, 1991-1999. ■ Formaður Slysavarnarfélagsins Landsbjargar (eftir sameiningu Landsbjargar og Slysavarnarfélags Íslands) 1999-2000.

Brot úr sögu Hraunbúa

1934

Þetta sumar er stofnuð ylfingasveit í Hafnarfirði. Stofnendur eru átta ylfingar, en þeim fjölga bráðlega upp í 20. Þá eru ylfingar á Íslandi 50. Hluttur hafnfirskra ylfinga er því góður eða 49% allra ylfinga á landinu. Foringi ylfingasveitarinnar er Sigurgís Melberg en Ástvaldur Helgason er aðstoðarsveitarforingi. Kvenskátafélagið Liljan er stofnað í Hafnarfirði. Sveitarforingi þar er Minný Ólafsdóttir og Guðrún Ívarsdóttir aðstoðarsveitarforingi.



Gaukaflokkurinn á Gilwellnámskeiði 1959. Ólafur Proppé er lengst til hægri.

Skátafélagið Hraunbúar 80 ára Til hamingju með afmælið Hraunbúar

Þegar ég hreift af skátastarfinu og skátahugsjóninni ungur að árum gerði ég mér enga grein fyrir því hvaða áhrif þessi hugsjón og þetta starf mundi hafa á líf mitt. Ég, eins og svo margir aðrir, hreift einfaldlega með vegna þess að viðfangsefnið voru ögrandi og reyndu á þátttöku, virkni og ábyrgð og þeim fylgdi líka gleði og vinátta sem enn er til staðar áratugum síðar. Árin mín í Hraunbúum og Hjálpararsveit skáta í Hafnarfirði eru mér svo sannarlega minnisstæð og ég á samferðafólki mínu þar margt að þakka. Í skátastarfinu lærðum við að taka þátt, skipuleggja, bregðast við, framkvæma, taka tillit til annarra og bera ábyrgð í samvinnu við aðra. Svo sannarlega mikilvægt veganesti fyrir lífið.

Skátahreyfingin býr yfir óteljandi spennandi leiðum sem gefa börnum, ungmennum og fullorðnu fólki tækifæri til að eflast og þroskast í leik og starfi. Þetta vitum við sem höfum verið virk í starfi skátahreyfingarinnar og berum hag hennar fyrir brjósti. Skátahreyfingin á sér tæplega einnar aldar sögu að baki. Á þeirri öld hafa orðið meiri breytingar á samfélagi fólks en í nokkurn annan tíma. Skátahreyfingin á þó jafn mikið erindi við samtímann og hún átti fyrir einni öld – eða fyrir áttatíu árum þegar Skátafélagið Hraunbúar var stofnað í Hafnarfirði.

Það þarf að styrkja skátastarf í landinu. Meta þarf stöðu skátahreyfingarinnar

ar í breyttu samfélagi og nýta þau sóknarfæri sem við henni blasa. Skátahreyfingin á mikla möguleika til vaxtar ef rétt er á málum haldið

Skátahreyfingin hefur mótað líf fjölda fólks. Ég er ekkert einsdæmi. Þetta fólk starfar víðs vegar í samfélaginu og nýtir sér beint og óbeint reynslu sína úr skátastarfi. Sjálfur get ég fullt að skátastarfið hefur haft afgerandi áhrif bæði á lífsstarf mitt og það félagsstarf sem ég hef tekið þátt í. Í starfi mínu að björgunarmálum og sem kennari hef ég oft fengið staðfest hvað reynsla af skátastarfi er dýrmæt.

Ég tel mikilvægt að sem flestir fái tækifæri til að taka þátt í skátastarfi sér til gagns og gleði. Skátastarfið eflir félagslegan þroska sem nýttist vel bæði einstaklingnum sjálfum og samfélagi hans.

Eitt sinn skáti, ávallt skáti.

Ólafur Proppé,
rektor Kennaraháskóla Íslands



Foringjanámskeið Hraunbúa 1959. Ólafur Proppé er fremstur fyrir miðju.

Vorum í miklu húsnæðishraki

Ólafur K. Guðmundsson, fyrrverandi yfirlögregulþjónn er einn af elstu skátum í Hafnarfirði. Hann hefur aldrei yfirgefið skátastarfið því um áratugaskeið hefur hann verið virkur í starfi St Georgsskáta hér í Hafnarfirði og hefur m.a. umsjón með skála gildisins við Hvaleyrarvatn. Við fengum Ólaf til þess að rifja upp eitt og annað frá skátaferlinum.

„Ég gekk í skátafélagið 1944 og þá var Jónas Bjarnason félagsforingi. Ég tók fljótlega nýliðaprófið, sem svo heitir enn í dag. Við urðum auðvitað að kunna skátalögin og þjóðsönginn, kunna ákveðna hnúta og einnig var farið lítillega í hjálp í viðlögum sem nú nefnist skyndihjálp. Þegar við tókum síðan 2. flokks prófið og síðan 1. flokks prófið var farið miklu nánar í skyndihjálpa og þar voru miklar kröfur gerðar. Skátarnir gátu síðan tekið margvísleg sérpróf, sem höfðuðu til ýmissa áhugamála þeirra. Ég man t.d. eftir því að ég tók sérpróf í matreiðslu, skyndihjálp, hestamennsku og ýmsu fleiru. Ég varð fljótlega aðstoðarflokksforingi, en Jón Kr. Gunnarsson, sem nú er látinn, var flokksforingi. Á þessum tíma var aðeins ein sveit í félaginu en önnur sveit var stofnuð 1945 og síðan 1946 var fyrsta kvenskátasveitin stofnuð.

Ég á enn félagsskrarteini frá árunum 1946-47 og 1948. Ég hef safnað ýmsum skátamerkjum og ýmsu dóti og m.a. á ég aðgöngumiða frá 10 ára afmælisfagnaði Hraunbúa. Það sem er einnig merkilegt við þennan miða er að hann var notaður tvisvar, því hann var tekinn af krökkunum aftur og 1947 fór félagið að skoða Heklugosið og þá var farseðillinn prentaður aftan á árhátíðarmiðann. Ég varð síðan aðstoðarsveitarforingi og vann mér inn nafnbótina skjaldsveinn. Skátar fengu þann titil ef þeir luku nýliðaprófi, annars flokks prófi og fyrsta flokks prófi og einnig ákveðnum fjölda sérprófa. Þetta var sérstakt merki saumað í búngrinn.

Skátastarfið var mjög fjölbreytt, en við vorum í miklu húsnæðishraki. Um skeið vorum við í Bretabragga sunnan við Bungalóíð sem svo er nefnt. Þar var skátastarfið frá 1943 – 1945. Þaðan urðum við svo að flýja. En fórum nú ekki tómhentir, því við tókum með okkur stór-



Ólafur K. Guðmundsson, fyrrverandi yfirlögregluþjónn, og Sigurlaug Jónsdóttir (Gógó), kona hans.

an kolaöfn og höfðum hann með okkur í næstu aðstöðu. Hún var í fiskgeymsluhúsi sem Helliarsbræður áttu, en þeir ráku útgerð í Hafnarfirði. Þegar við misstum það húsnæði fórum við þrír eina nóttina og bárum og drösluðum ofninum upp á vörubíl sem við fengum lánaðan og komum ofninum fyrir í Hverahlíð, útlegu-skála Hraunbúa, sem við höfðum þá reist. Og nú stendur ofninn sem minnismerki liðins tíma í anddyri hins nýja Hraunbyrgis. Við vorum þrír sem fluttum ofninn, ég, Gunnar Bjarnason og Þorvaldur Þorvaldsson, sem gekk undir nafninu Dorri og þaðan er komið nafnið á ofninn.

Aðstæðurnar urðu síðan mun betri þegar við fengum hús sem áður var veitingaskáli við Kleifarvatn. Það stóð við Strandgötu skammt frá þar sem íþróttahúsið er nú. Það fékk nafnið Hraunbyrgi og nafnið hefur haldist fram á þennan dag. Hraunbúanafnið var tekið upp 1945 eða 46. Fram að þeim tíma var nafnið Skátafélag Hafnarfjarðar.

Á þessum árum var ekki mikið um



Fyrsta húsið sem fékk nafnið Hraunbyrgi. Það var áður veitingaskáli við Kleifarvatn, en var flutt á Strandgötuna nálægt því sem íþróttahúsið er nú.

peninga í skátafélaginu. Ég var um tíma gjaldkeri, en þá var Eiríkur Jóhannesson félagsforingi og Gunnar Bjarnason var þá einnig í stjórn. Við skiptum með okkur rekstri hússins og borguðum allan rekstur, þannig að Eiríkur Jóhannesson borgaði öll hreinlætisefni, Gunnar sá um rafmagnið og ég sá um að kaupa kolin. En þá var allur bærinn kyntur með kolum. Þannig gekk þetta í tvö ár.

Ég var nú ekki svo frægur að komast á Jamboree, eins og alheimsskátamótin kallast. Ég á hins vegar bakpoka frá árinu 1943 og hann fór með einum skátabróður mínum til Frakklands á Jamboree! Íslensku þátttakendurnir fengu allir merki og á bakpokann er enn merkið sem búið var til í Rafha. Ég fór hins vegar á Landsmót og þó aðallega á Vormótin sem Hraunbúar hafa haldið rúma hálfa öld. Mér er einnig mjög minnisstæð svonefnd Reykjanesmót sem haldin voru á Höskuldavöllum, rétt við Grænu-dyngju. Þar kynntumst við fjölmörgum Keflvíkum, Grindvíkum og krökkum víðar að. Góð vinátta hefur haldist allt fram á þennan dag frá þessum tíma við ýmsa sem þarna voru þátttakendur.

Ég áltíð að skátastarfið hafi mjög góð uppeldisleg áhrif á börn og unglinga og væri ég ungur í dag myndi ég ekki hika við að taka þátt í skátastarfinu. Ég get sagt frá því í lokin að meðan ég var í lögregluhlunni þá stuðlaði ég að því að við réðum frekar þá til starfa sem höfðu verið skátar og þeir voru allir traustsins verðir.

Hjónin Hreiðar Sigurjónsson og Fríða Ragnarsdóttir hafa um árabil tengst skátahreyfingunni og starfað í Hraunbúum frá unga aldri. Hreiðar var um skeið félagsforingi og var m.a í byggingarnefnd fyrir nýju Hraunbyrgi og eftirlitsmaður með byggingunni. Fríða hefur verið óspör á handtökin og ávallt lagt Hraunbúum lið þegar á hefur þurft að halda. Bæði hafa þau síðan verið í forystu St. Georgsgildisins um langt skeið og unnið þar ómælt starf. En gefum nú Hreiðari orðið:

Skáatalíf – framhaldslíf

Ein hverstaðar er talað um að skátastarf sé lífsstíll og kannski má segja að það sé ekki fjarri lagi. Allavega, höfum við hjónin verið samofin skátastarfi frá því við vorum unglingar með smá hléum, með ýmsum hætti. Fyrst sem skátar í flokkastarfi og síðan sem drótttskátar þar sem húsfrúin tók sitt forsetamerki. Framhald varð á samveru okkar hjóna upp úr skáta starfinu því við ákváðum að stofna 2 manna flokk til frambúðar. Eitthvert hlé varð því á almennu skátasstarfi vegna barneigna og húsnaðisbasls, en þegar Hraunbúar héldu upp á sitt 50. vormót þá fórum við á fullt aftur, og höfum starfað síðan í tengslum við ST. Georgsgildið sem er hópur eldri skáta og starfar eftir skátahugsjóninni með það að markmiði að styðja skátastarfið, og halda áfram tengslum við félagið okkar, gera gagn, en síðast en ekki síst að skemmta sér í leiðinni. Þegar við gengum í Gildið, eins og við köllum það, var búið að starfa þó nokkuð lengi hópur fólks, sem var var búin að koma sér m.a. upp aðstöðu í skála í paradísinni við Hvaleyrarvatn og rækta upp land þar í kring. En við semsagt gengum inn með hóp yngra fólks, um 1987, eldri hópurinn kunni auðvitað vel á ritúallið, svo við vorum stálheppin að fá að sameinast þessu ágæta fólki.



Það sem okkur finnst þó best við þetta starf er frjálrsæðið, og að allt sem fólk dettur í huga að gera, er vel tekið, og leyfilegt,!!!! og satt best að segja er búið að koma víða við. Fljótlega eftir að yngst hafði verið upp, var smalað saman fólk í kór, sem síðan æfði, og söng við ýmis tilefni undir stjórn Kristjónu Ásgeirsdóttur. Söngfólkið var á öllum aldri og átti að sjálf-sögðu það sameiginlegt að hafa gaman af söng og lífinu sjálfu, enda margt brallað. Samskonar hópur hafði æft líka á vegum eldri skáta í Reykjavík undir stjórn Arnars Arnarssonar. Það varð úr að þessir hópar sameinuðust undir hans stjórn og hafa gert garðinn frægan með útgáfu á tveim geisladiskum, þátttöku á allflestum stærri uppkomum skátanna, sett upp barnaleikritið Kardimommubæinn, farið í söngferðir um landið og sótt meira að segja Ítalíu heim í tónleikaferð. Við vorum svo heppin að fá að taka þátt í þessu ævintýri frá upphafi og erum enn að syngja a.m.k. okkur til mikillar ánægju.

Og hvað erum við að gera annað?, Fundir eru einu sinni í mánuði þar sem við fáum fólk hvaðanæfa að, til að vikka sjóndeildarhringinn með fyrirlestrum og myndasýningum. Fastir liðir eru tvisvar á ári hjá öllum Gildum þ.e. Vináttudagurinn og St Georgsdagurinn. Svo hefur verið staðið fyrir göngum um bæinn sem bæjarbúum hefur verið boðið að taka þátt í, með leiðsögumenn eftir mismunandi til-efnum. Í þrjá vetur voru haldin mánaðarlega Djasskvöld í Hafnarborg undir yfirskriftinni Djass fyrir alla. Formleg kvöld undir þessu nafni urðu þar 18 talsins. Bæjarbúar mættu mjög vel á þessar uppkomur og styrktu þar með hið venjulega skátastarf, sem fékk afkrasturinn. Á hverju ári undanfarin ár er haldið Þjóðakvöld þar kynntar eru hinar ýmsu þjóðir, matarvenjur þeirra, tónlist hefðir dans, og svo er eitthvert sprell. Mikill fjöldi Gildisfélaga kemur orðið að þessum skemmtunum, sem eru orðin hápunktur í vetrarstarfinu. Hægt er auðvitað að telja áfram upp ótal margt. Af þessu má þó sjá að þetta heldur okkur við efnið og við lífum í gegnum þenna ágæti félagsskap skáta framhaldslífi okkur til mikillar gæfu.



Fríða og Hreiðar á Vormóti.

Öðrum yngri !!! eldri skátum til upplýsingar má þó segja að eins og í öllu skátastarfi, byggist allt upp á frumkvæði og þátttöku allra ef vel á að takast til. En ef þú sem lest þessar línur hefur áhuga á að slást með í hópinn ertu að sjálf-sögðu velkominn eða getur fengið aðstoð við að stofna með öðrum nýtt Gildi. Með skáta kveðju Eitt sinn skáti alltaf skáti.

Öðrum yngri !!! eldri skátum til upplýsingar má þó segja að eins og í öllu skátastarfi, byggist allt upp á frumkvæði og þátttöku allra ef vel á að takast til. En ef þú sem lest þessar línur hefur áhuga á að slást með í hópinn ertu að sjálf-sögðu velkominn eða getur fengið aðstoð við að stofna með öðrum nýtt Gildi. Með skáta kveðju Eitt sinn skáti alltaf skáti.



Samstarf skáta og björgunarsveita

Það er hverri björgunarsveit nauðsynlegt að fá inn nýliða til að hún geti viðhaldið sér. Þeir eru ekki ófáir björgunarsveitarmennirnir, sem hafa byrjað starf sitt hjá skátunum, en haldið svo áfram í björgunarsveitina, þegar þeir hafa aldur til. Þannig var því háttað með mig. Þá var skátaheimilið og hjálparveitarhúsið hlið við hlið á Hrauntungunni og mikill samgangur þar á milli.

Fljótlega eftir að ég og félagar mínir vorum byrjaðir að starfa í dróttskátsveitinni fórum við að stinga höfðinu inn í bílageymslu hjálparveitarinnar, en þar fannst okkur margt forvitnlegt gerast. Suma hjálparveitarstrákana þar þekktum við, því að þeir höfðu verið skátar í Hraunbúum.

Þetta leiddi til þess, að strax og ég hafði aldur til fór ég í hjálparveitina. Þar hóf ég mitt nýliðaprógramm vorið 1987. Þarna vorum við vinirnir fullir áhuga á þessum nýja vettvangi, tilbúnir í hvað sem var og töldum okkur færa í flest. Árin í hjálparveitinni eru því orðin nokkuð mörg, en öll hafa þau verið skemmtileg. Og í dag, 18

árum eftir að við gerðumst hjálparveitarfélagar, erum við ennþá starfandi, en auðvitað mismikið.

Ég hef kynnst mörgum í hjálparveitinni, þennan tíma sem ég hefi verið þar.

Margir þeirra hafa starfað vel í nokkur ár og síðan hætt. En þeir sem komið hafa til okkar úr skátastarfinu hafa enst miklu lengur. Það held ég að sé af því að þeir fengu grundvöllinn til að byggja á í skátastarfinu. Þeir einstaklingar sem hafa verið skátar búa að meiri ferðareynslu en hinir. Þeir eiga líka í flestum tilfellum ákveðinn búnað sem krafist er í björgunarstarfi, svo sem gönguskó, svefnpoka, bakpoka og fleira í þeim dúr. Þeir þurfa því ekki að kaupa þetta, þegar þeir byrja að starfa í hjálparveitinni.

Samstarf milli skáta og björgunarsveita er mikilvægt. Björgunarsveitir hafa mikla fagþekkingu, sem hægt er að koma inn í skátastarfið. Ég þekki það af eigin raun. Ég nefni Vormótin í því sambandi, t.d. sjúkragæsluna þar og póstaleikina. Þar gefast ótal tækifæri til að koma fagþekkingu hjálparveitanna að. Ýmsir



Rústabjörgun er eitt af því sem björgunarsveitarfólk lærir. Hér er Lalli í Bandaríkjunum 2001.

máttarstólpar hjálparveitarinnar í dag voru ylingar þegar ég byrjaði í hjálparveitinni fyrir 18 árum.

Árið 2000 sameinuðust Hjálparveit skáta í Hafnarfirði og Björgunarsveit Fiskakletts í Björgunarsveit Hafnarfjarðar. Það var framfaraspor í björgunarmálum í Hafnarfirði. Fiskaklettur hafði stofnað unglingadeild innan sinna vébanda 1982. Og flestir félagarnir í Fiskakletti sem starfandi voru við sameininguna, höfðu fengið uppeldi sitt og þjálfun þar. Þetta er það sama og björgunarsveitir úti á landi hafa gert til að ná inn nýliðum. Það hefur sannast að því fyrr sem menn byrja að þjálfa sig, því betri björgunarsveitarmenn verða þeir. Þess vegna eru skátarnir góð uppeldisstöð fyrir björgunarsveitirnar í landinu.

Eitt af þessu samstarfi er dróttskáttamótið Saman, sem haldið er á hverju hausti. Þá koma skátar saman og eru eina helgi að vinna í verkefnum tengdum björgunarsveitarmönnum, svo sem ís-klifur, skyndihjálpar, rötun, sig og fleira.

Björgunarsveitirnar koma síðan með tæki sín og mannafla og sjá um að allt öryggi sé í lagi jafnframt því að kenna krökkunum á hin ýmsu tæki og tól.

Þarna sjá krakkarnir hvað það getur verið gaman að starfa í björgunarsveit, enda koma mörg þeirra í björgunarsveitirnar, þegar þau hafa aldur til.

Það er bjargföst skoðun mín að skátastarf og björgunarsveitastarf sé samtvinnað, enda segir sagan okkur það. Fyrstu hjálparveitirnar voru stofnaðar út frá skátafélögunum og þess vegna heita margar þeirra Hjálparveit skáta.

Með ósk um áframhaldandi samstarf,
Lalli skáti



Bjartur og Gisli að ræða málin og útskýra með miklum tilprifum.



Björgunarsveitir þurfa að umgangast þyrstur. Hérna er TF-LÍF á æfingu.



Páskaferð 2001. Gummi eru undir stýri.



Félagabjörgun í Skotlandi 1999.



Vélsleðar eru leiktæki eins og björgunartæki. Lalli í ferð 1995.



Ís-klifur er eitt verkefna björgunarsveitar. Hér er Ragnar í Grafarfossinum.

Draugasaga

Þannig er mál með vexti að þegar ég var yngri þá var ég mjög mikið aktívur í skátunum og fannst það auðvitað rosalega gaman. Svo var það eitt skipti þegar ég var svona 15 ára gamall að ég var beðinn að fara sem skálavörður í annan af tveimur skálum félagsins. En þessi er staðsettur á Vormótssvæði félagsins í Krýsuvík. Það var að fara stelpuhópur frá Skátafélaginu í Kópavogi og fór ég með þeim. Ferðin gekk vel og allir voru ánægðir þetta var í nóvember og því tók snemma að skyggja á kvöldin. Ekki er neitt vatnssalerni á svæðinu heldur er þarna forlata kamar sem skiptist í karla og kvenna hluta. Svo um kvöldið þurftu nátturlega stelpurnar að pissa. Klæddu þær sig upp allar 6 og drifu sig út ég beið eftir heima í skálanum. Það næsta sem ég veit að þær koma hlaupandi til

baka alveg lafmóðar eftir hlaupin og tilkynna mér sem skálaverði að það sé draugur í klósettinu. Mér fannst þetta nú frekar langsótt en hlustaði af athygli á útskýringu þeirra. Sem var á þessa leið að þegar þær komu niðureftir þá var kvennaklósettið fullt af snjó og því fóru þær hinumegin en þá var hurðin þar flosin föst en eftir þær toguðu og toguðu í hurðina og ekki-ert gekk, sparkaði þá ein af nokkru afli í hurðina því að hún vildi komast að pissa. En þá heyrðist allt í einu bank á móti fyrst eitt og svo annað og það þriðja og svona koll af kolli en alltaf styttest á milli þeirra þær urðu smá hræddar en spörkuðu í hurðina aftur og viti menn, þær fá aftur bankið á móti sér. Við þetta þetta urðu



þær svo rosalega hræddar að þær hlupu til baka uppí skála og þorðu ekki fyrir sitt litla líf að fara aftur niður eftir aftur. Þær þorðu varla út eftir þetta nema þær væru nokkrar saman og helst átti ég að vera ekki fjarri. Daginn eftir ákvað ég nú að athuga sannleiksgildi þessara draugasögu og fór niður eftir og skoðaðið kamarinn og komst á að því hver var draugurinn. Þannig er nefnilega að innan á hurðinni er lóð til að hurðin lokist sjálfkrafa aftur og þegar þær spörkuði í hurðina þá kastaðist það aðeins frá og kom svo til baka aftur og var það þetta sem bjó til þennan skemmtilega draugagang. Annars gekk ferðin vel og allir komu heim eftir góða ferð.

Kveðja Lárus skáti



Jólatilboð

mjúku deildarinnar **15% afsláttur**

Hágæ a sængur og heilsukoddar.

Gjafavara í miklu úrvali frá ekkum vörumerkjum.



Opi virka daga: 10–18 og laugard. 11–15 Reykjavík: Mörkín 4, s: 533 3500
Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504 Egilssta ír: Mi vangur 1, s: 471 2954

Brot úr sögu Hraunbúa

1937

Hinn 2. febrúar er stofnaður sérstakur Hafnarfjarðarflokkur í 3. deild Væringja í Reykjavík. Í flokknum eru sjö skátar. Flokksforingi er Trausti Pálsson. Fljótlega fjölga hafnfirsku skátunum og sérstök Hafnarfjarðarsveit er stofnuð síðar um veturinn. Foringi hennar er Erlendur Jóhannsson úr Reykjavík. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lánar skátunum herbergi. Vormót er haldið við skála KFUM að kaldárseli.

Þriðjudaginn 28. september er haldið foreldramót í Güttó. Skemmtun þar sem skátastarfið er kynnt foreldrum og öðrum velunnurum.

Hinn 17. október er fyrsti skátafundurinn haldinn í „skátaherberginu“ í Bæjarþinghúsinu. Þar er m.a. gert uppkast að lögum fyrir Skátafélag Hafnarfjarðar. Í árslok eru 50 starfandi skátar í félaginu. Á foringjafundi 24. október var samþykkt tillaga frá Trausta Pálssyni um að stofan „Húsasjóð Skátafélags Hafnarfjarðar“.

1938

Skátafélag Hafnarfjarðar formlega stofnað í ársbyrjun. Erlendur Jóhannsson kosinn félagsforingi og Friðleifur E. Guðmundsson kosinn sveitarforingi.

Góður vitnisburður um gott skátastarf

Landsmót 1970

Hraunbúar hafa oft vakið athygli fyrir öflugt og gott skátastarf. Landsmót skáta á Hreðavatni árið 1970 er góður vitnisburður um það. Þá var skátastarf í Hafnarfirði 45 ára. Það er fróðlegt að sjá hvaða trúnaðarstörfum ýmsir Hraunbúar gegndu á þessu móti.

Marínó Jóhannsson, Hraunbúi sem lengi var sveitarforingi Hjálparsevitar skáta í Hafnarfirði, var mótsstjóri. Sigurður Baldvinsson, dagskrárstjóri mótsins, varð skáti í Hraunbúum árið 1947 og starfaði þar í 10 ár. Þá fór hann til Danmerkur og tók þátt í skátastarfi þar. Þegar hann kom svo heim aftur til Hafnarfjarðar, tók hann til starfa í sínu gamla og góða skátafélagi. Hluttur Hraunbúa í útgáfu Glanna, mótsblaðsins, hefur verið tíundaður annars staðar hér í blaðinu. Í 8 manna starfslíði blaðsins voru 6 Hraunbúar. Elías Jónason, Hafnfirðingur og þrautreyndur Hraunbúi var varðeldastjóri mótsins.

Fjórir Hraunbúar sáu um matarúthlutunina á mótinu. Svavar Geirsson var „matarbygðastjóri“ landsmótsins og honum til aðstoðar þeir Bessi Þorsteinsson, Eyjólfur Ámundason og Bjarni Sigurðsson. Allir voru þessir kappar úr dróttskátasveitinni Jörðinni, Hraunbúum, Hafnarfirði. Þeir úthlutuðu daglega þremur tonnum af matvælum til þátttakenda mótsins.

„Öðru hvoru geta komið nokkrir dropar“

Glanni birti líka viðtal við félagsforingja Hraunbúa, Rúnar Brynjólfsson, í tilefni af 45 ára afmæli skátastarfs í Hafnarfirði. Þar segir Rúnar m.a.:

„Þeir sem halda að alltaf sé vitlaust veður á vormótum hjá Hraunbúum vaða í villu og svima. Ég neita því ekki, að öðru hvoru geta komið nokkrir dropar, einstöku sinnum nokkuð margir, en oftast er líka besta veður, eins og

t.d. á síðasta móti. Við höfðum það eingöngu innanfélagsmót, eins konar æfingarmót fyrir landsmótið. Vormótin eru nú orðin 30 talsins og því hafa Hraunbúar fengið allgóða reynslu, sem reynst hefur þeim vel annars staðar.

Dróttskátar höfðu mestan veg og vanda af síðasta móti hjá okkur og það er skoðun mín, að sú ábyrgð, sem því fylgir að annast hina ýmsu þætti, frá hinu smæsta til hins stærsta verði þeim ávallt gott veganesti.“



Marínó Jóhannsson mótsstjóri.



Sigurður Baldvinsson dagskrárstjóri.

Hraunbúinn Magnús Már Júlíusson kom fram í gervi guðsins Heimdallar við mótssetningu og flutti skátunum ávarp.

Óli Silla var fararstjóri Hraunbúa á landsmótinu á Hreðavatni 1970, fjölkunnugur í skátafræðum og skínandi stjarna á varðeldum. Í Glanni segir m.a. þetta: „Hláturinn hríslaðist um lautina, þegar Óli Silla birtist á sviðinu.

Hann var þar staddur til að taka nýliða-prófið hjá Magga Júlí. Þetta var eiginlega rúsínan í pylsuendanum. Þátturinn hlaut fádæma góðar undirtektir eins og allir þeir þættir, sem Óli Silla á einhvern hlut í.“

Allt ber þetta góðu skátastarfi í Hafnarfirði gott vitni.

Hörður Zóphaniásson

Félagsforingjatal Hraunbúa

Erlendur Jóhannesson	1937-38	Kolbeinn Árnason	1972-73
Sveinn Tryggvason	1938-40	Hreiðar Sigurjónsson	1973-74
Jónas Bjarnason	1940-44	Hörður Zóphaniásson	1974-76
Einar Guðmundsson	1944-45	Sigurbergur Þórarinnsson	1976-78
Guðjón Sigurjónsson	1945-46	Guðni Gíslason	1978-79
Villbergur Júlíusson	1946-47	Pétur Már Sigurðsson	1979-81
Þorvaldur Þorvaldsson	1947-48	Sigurður Baldvinsson	1981-86
Jón Guðjónsson	1948-52	Geir Gunnlaugsson	1986-87
Eiríkur Jóhannesson	1952-53	Guðni Gíslason	1987-90
Gunnar Bjarnason	1953-54	Bjarnheiður Gautadóttir	1990-91
Eiríkur Jóhannesson	1954-61	Pétur Már Sigurðsson	1991-95
Edward Frederiksen	1961-62	Þórey Valgeirsdóttir	1995-98
Vilbergur Júlíusson	1962-64	Bergur Ólafsson	1998-04
Hörður Zóphaniásson	1964-68	Óskar Skúlason	2004-05
Albert Kristinnsson	1969-70	Ásgeir Ólafsson	2005-
Rúnar Brynjólfsson	1970-72		

Brot úr sögu Hraunbúa

1939

Sex hafnfirskir skátar taka þátt í landsmóti skáta á Þingvöllum. Hlið þeirra vekur athygli á mótinu, tveir vitar, en í geisla þeim, er myndast á milli þeirra, er orðinu Hafnarfjörður komið fyrir.

Þá lána bæjarstjórn skátunum stóran fundarsal til afnota, en þeir Bjarni Snæbjörnsson lækni og Jón Gíslason útgerðarmaður lána skátafélaginu endurgjaldslaut sína hvora stofuna til sveita- og flokksæfinga. Þá eru 50 skátar starfandi í Hafnarfirði.



Skátastarfið átti stóran þátt í að

koma mér til manns

Vakti einu sinni í 50 tíma samfleytt í þessu úthaldi!

Ólafur Þ. Harðarson er prófessor í stjórnmálafræðum við Háskóla Íslands og forseti félagsvísinda-deildar skólans. Hann er fæddur 12. desember 1951, ólst upp í Hafnarfirði, gerðist Hraunbúi ungur að árum og tók þátt í skátastarfinu af miklum áhuga um marga ára skeið. Hraunbúinn hitti Ólaf að máli og lagði fyrir hann þessa spurningu: Hvaða gildi hafði skátastarfið fyrir þig? Svar Ólafs fer hér á eftir.

Ég var á kafi í skátastarfi frá því um tíu ára aldur og fram yfir títugt. Var flokksforingi í Örnun í Ránfuglasveit og síðar sveitarforingi Ránfugla með Hreiðari Sigurjónssyni, en við vorum líka með drótskátasveitina Grallara. Fór á flokksforingjanámskeið og Gilwellnámskeið á Úlfjótavatni, skátamót víða um land og ógleymanlegar útilegur í Hverahlíð. Rígnði oft niður á vormótum í Krýsuvík – og tók því glaður þátt í skálabyggingu þar með nokkrum góðum félögum!

Auk þessa lenti ég snemma í útgáfu- og blaðastússi. Gaf út fjölrítuð blöð hjá Ránfuglum. Ritstýrði Labba á vormóti í Krýsuvík – og sá um útgáfu söngbókar! Allra skemmtilegast var þó að ritstýra tvisvar dagblöðum á landsmótum skáta með stórvini mínum Magnúsi Jóni Árnasyni. Fyrst á Hreðavatni 1970, blaðið hét Meiri Glanni og var fyrsta offsetprentaða dagblaði í landinu! Glanni var prentaður í bænum á nóttunni og við



“Skátastarfið var skemmtilegt, það var þroskandi, það kenndi mér að vinna í hópi með allskonar fólki. Það kenndi mér að axla ábyrgð. Það átti stóran þátt í að koma mér til manns”

þurftum að senda það upplímt með eftirmiðdagsrúttunni í bæinn. Fyrsta skipti sem ég kynntist alvöru „dead-line“! Stundum mikið stress síðasta klukkutímam. Vakti einu sinni í 50 tíma samfleytt í þessu úthaldi! 1974 vorum við Maggi svo með dagblaðið Úlla á landsmóti

Starfslið mótsblaðsins Meiri Glanna, sem gefið var út á landsmóti skáta að Hreðavatni 1970. Aftari röð: Boggi (Jóhannes Borgfjörð Birgisson) ljósmyndari, Gunnar Rafn Einarsson, Guðmundur Logi Lárusson, Ólafur Þ. Harðarson, Ragnar Árnason, Janus Guðlaugsson. Fremri röð: Kolbeinn Árnason, Magnús Jón Árnason ritstjóri. Af þessu átta manna starfsliði mótsblaðsins voru sex Hraunbúar; Gunnar Rafn, Ólafur, Ragnar, Janus, Kolbeinn og Magnús Jón.

á Úlfjótavatni. Þá kunnum við þetta allt.

Hvaða gildi hafði skátastarfið fyrir mig? Ótrúlega mikið. Það var skemmtilegt, það var þroskandi, það kenndi mér að vinna í hópi með allskonar fólki. Það kenndi mér að axla ábyrgð. Það átti stóran þátt í að koma mér til manns.

Brot úr sögu Hraunbúa

1946

Á aðalfundi 28. janúar er samþykkt tillaga um að frá og með 28. janúar 1946 heiti félagið Skátafélagið Hraunbúar. Um vorið kaupir félagið bát. Á foringjafundi 13. júlí er rætt um, að skálabyggingin við Kleifarvatn gangi ekki nógu greitt. Þátttaka í ferðum þangað sé lítil. Á fundinum var samþykkt tillaga um að hafa skemmtanir þar uppfrá, leiki og varðeldi, til þess að fá sem flesta þangað.

Baden Powell sagði:

Tekið orðrétt uppúr Hraunbúanum III árgangur 1. tölublaði, júní 1962.

Reyndir skátar eru alla jafna þögulir, sökum þess að þeir beina athyglinni að því verki sem þeir hafa með höndum.

Sumir foreldrar, sem aldrei hafa kynnst tjaldbúðalífi af eigin reynslu, hafa ímugust á útilegum sökum þess, að þeir telja líklegt, að aðbúnaður allur sé í lakara lagi og hvers konar hættur bíði drengsins. En þegar foreldrar sjá drengi sína kom aftur með hressilegt yfirbragð og ljómandi af ánægju, ríkir félagskennd og meiri karlmennskubrag, fer ekki hjá

því, að þeir fái metið að verðleikum kosti útlífsins.

Enginn drengur hefur byrjað reykingar sökum þess að honum þætti gott að reykja. Hitt er venjulegra, að hann hafi byrjað á því sökum þess að hann hafi óttast, að hann yrði fyrir aðkasti frá félögum sínum, ef hann gerði það ekki og hræðslu yrði kennt um eða þá að hann hefur talið sér trú um, að hann væri mikill maður, ef hann notaði tóbak, - þótt reyndin sé hinsvegar sú, að hann verður skoplegur fyrir bragðið. Allir drengir geta reykt, en skáti gerir það ekki, því hann er ekki slíkt ginningarffíl.

Vorboðin ljúfi – Vormót í Krýsuvík

Það er eins með vorboðann ljúfa og vormót skátafélagsins Hraunbúa að sumaríð er á næsta leiti þegar það ber á góma. Vormótin hafa nú verið haldin í 65 skipti í 80 ára sögu félagsins og eru nú okkar árlega uppskeruhátíð.

Á vormóti í Krýsuvík koma allir skátar félagsins saman og nýta það sem þeir haf lært um veturinn. Í bakpokann er troðið því allra nauðsynlegasta og haldið á vit ævintýrana. Vormótið hefst á setningu þar sem allir koma saman við fánastöng við skálann okkar Skýjaborgir. Þar draga ungir skátar upp íslenska fánann, honum heilsað að skátasið og síðan hefst dagskrá mótsins.

Fyrsta kvöldið fer yfirleitt í að koma sér fyrir. Reisa tjaldbúð, búa til hlið og gera tjaldbúðina þannig úr garði að þar sé hægt að elda mat, þurrka föt og taka á móti gestum.

Það er ævinlega kappsmál allra skátasveita og flokka að gera tjaldbúðina sem



Greinarhöfundur, Bergur Ólafsson, 12 ára gamall á skátamóti (t.h.).

best úr garði. Verðlaun eru veitt fyrir bestu tjaldbúðina og skiptir þar umgengni, skipulag og aðbúnaður miklu máli. Á vormóti fer mestur tíminn í að leysa hinar ýmsu þrautir. Þrautirnar eða svo kallaðir póstar standa saman af krefjandi verkefnum sem flokkarnir leysa í sameiningu. Að póstinum standa yfirleitt eldri skátar, oftast duglegir dróttskátar sem miðla af reynslu sinni til þeirra yngri.

Á kvöldin eru haldnar kvöldvökur sem settar eru saman af söng og leikatriðum sem skátarnir hafa undirbúið um daginn. Eftir kvöldvöku er boðið uppá kakó og kex, stungið saman nefjum, sagðar sögur og næsti dagur undirbúinn.

Á vormóti eru einnig fjölskyldubúðir. Þar gista áhugasamir foreldrar og eldri skátar sem geta ekki hugsað sér að missa af vormóti. Þau allra yngstu sem ekki hafa náð skátaldri eru einnig með í för og smitast af leik þeirra eldri.

Allir taka þátt með einum eða öðrum hætti. Vormótin eru og verða ævintýri þeirra sem taka þátt. Þau styrkja vinaþöndin, samstöðuna og samheldnina sem lætur engan ósnortin sem tekur þátt. Við Hraunbúar hvetjum alla og sérstaklega foreldra sem eldri skáta að mæta í vor á vormót. Sjáumst á 66 vormótinu í vor.

Bergur Ólafsson

Brot úr sögu Hraunbúa

1947

Vormót er haldið við Kleifarvatn um hvítasunnuhelgina 24. – 26. maí. Sjöttu skátar sækja mótið. Á foringjafundi 13. nóvember er svohljóðandi tillaga frá Ólafi Kr. Guðmundssyni og Eiríki Jóhannessyni er samþykkt: Foringjafundur í Skátafélaginu Hraunbúar haldinn 13. nóvember 1947, samþykkir að skipa þriggja manna nefnd, til að athuga möguleika á að gera kaup á Hressingarskála Hafnarfjarðar. Á foringjafundi 14. desember eru kaupin á Hressingarskálunum samþykkt. Verðið er 37.000 krónur.

1948

Á foringjafundi 16. janúar eru settar fram hugmyndir um nafn á hinu nýkeypta húsnaði félagsins. Þær eru þessar: Hraunbúð, Hraunból, Sæból, Naustið og Skátagarður. Ákvörðun er frestað til næsta aðalfundar. Á foringjafundi 27. apríl er samþykkt með 11 atkvæðum gegn 3 að skátaskálinn skyldi heita Hraunbygi. Nöfnin sem valið var á milli voru: Hraunbyrgi, Hraunból.

Hraunbyrgi, skátaheimili Hraunbúa



Haustið 1947 kaupir félagið veitingarskála við Strandgötu fyrir 37 þúsund krónur. Þessi skáli var skírður Hraunbyrgi.



22. febrúar 1995 er tekin táknræn skóflustunga að glæsilegu framtíðarheimili Hraunbúa við Viðistaðatún. Hið nýja Hraunbyrgi var svo tekið í notkun síðla árs 1997.



Haustið 1960 afhenti bæjarstjórn Hafnarfjarðar Hraunbúum hið gamla skrifstofuhús Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar gegn 50 þúsund króna byggingarstyrk, sem bæjarstjórn hafði ætlað félaginu þetta ár. Skömmu síðar var Hraunbúum veitt 2500 ferm. Lóð við Hraunbrún inni á Flatahrauni. Hófust skátarnir þá handa, grófu grunn, steypu kjallara og fluttu síðan í húsið. Fjölmargir skátar lögðu hönd á plóginn við endurbyggingu hússins.



Rizzo Pizzeria

Opið
sun - fim: 11 - 22
fös - lau: 11 - 23³⁰

5777000

Vinsælt af matseðli

Rizzo: Pepperone, laukur, sveppir,
ferskur hvítlaukur, jalepeno, sv. pipar

Naples: Skinka, pepperone, sveppir,
sv. ólífur, hvítlaukur, grænn pipar, parmesan

Toscana: Pepperone, jalapenos, rjómaostur,
ananas, sv. ólífur, hvítlaukur, sveppir, krydd

"9

1045

"12

1545

"16

1995

1045

1590

2140

1090

1590

2140



Fáðu þér glóðvolga
eldbakaða pizzu á Rizzo.

Hraunbær 121

Komdu og taktu með,
borðaðu á staðnum
eða fáðu sent heim

Við sendum heim:
109,110,111,112,113
helmsendingargjald 300 kr

PEPSI

Eldbakað!



Útilegurnar stóðu uppúr

Þegar Davíð Þór Jónsson lítur yfir farinn veg og rifjar upp árin sín í skátunum tekur sig upp strákslegt bros og tilhlökkun að rifja upp sögur og atvik. Bergur Ólafsson, fyrrverandi félagsforingi skátafélagsins Hraunbúa kom við hjá Davíð Þór einn haustdaginn og fékk hann til að rifja upp nokkur eftirminnileg atvik.

Það var að öllum líkindum Andrés Önd blöðin dönsku sem kveiktu fyrst áhuga minn á skátunum. Þannig var að Andrés Önd var í Grænu Spætunum og var alltaf í einhverjum spennandi leiðangrum og útilegum með lofhúfuna sína með skottinu og tókst alltaf að bjarga sér úr hinum ýmsu ævintýrum. Þessi ævintýri Andrésar og sú staðreynd að ég var nýfluttur til Hafnarfjarðar, vinalaus 10 ára gamall snáði og sló til. Það var á afmælisdegi Baden Powells í febrúar 1975 sem ég og félagar mínir stofnuðum skátaflokkkin Otra. Í þessum flokk voru sjö aðrir strákar á okkar reki. Mitt hlutverk í flokknum var að vera varðeldastjóri og tók ég því verkefni mjög alvarlega.

Tveimur árum síðar stofnaði ég skátaflokkinn Hreysiketina, var gerður að flokksforingja, þótti efnilegur sem slíkur og varð ennþá ábyrgðarfullri með það hlutverk í farteskinu. Þennan kalda vetrardag ákváðum við að okkar fyrsta verkefni skyldi vera dags hike uppá Hvaleyrarvatn. Smurðum við nesti og fórum í okkar fyrstu ævintýraferð sem átti eftir að verða sporganga margra útilega og ferða. Aðrir flokkar í Frumbyggjum voru Refir, Merðir, Minkar og Íkornar. Á okkar fyrsta vormóti þá um vorið fékk flokkurinn okkar verðlaun fyrir tjöldun, en sú keppni fólst í því að tjalda tjaldi á sem skemmstum tíma. Otrar voru einstaklega samhentur hópur sem varð til þess að við unnum tjöldunar keppnina aftur og aftur. Við vorum svo snöggir að tjalda að tjöldun varð skemmtiatriði á kvöldvökum lengi á eftir.

Eitt eftirminnilegasta ævintýri sem ég man eftir var ferð okkar á Alþjóðlegt Jamboree á Írlandi. Ég fékk undanþágu frá aldurstakmarkinu, fór 12 ára gamall og var kallaður Dúlli baby. Þarna voru



Davíð Þór í skátabúningnum.

skátar hvaðanæva úr heiminum og var fyrir mér mikil upplifun. Margt var brallað og farið í hike ferð. Við fengum að sofa undir berum himni sem ég gerði þarna í fyrsta sinn og fannst alveg frábært.

Írarnir voru einstakir heim að sækja. Gistum við hjá írskri fjölskyldu í nokkra daga eftir mót. Í beinu framhaldi fékk ég sent fyrsta og eina ástarbréfið frá einni unglings stúlkunni sem ég kynntist. Það á ég enn og er ekki ennþá búinn að svara því. Ætli ég geri það úr þessu.

Landsmótið 1977 er mér líka mjög minnstætt. Þar rigndi alveg óskaplega og við lentum í að fara í björgunarleiðangra í fjölskyldubúðirnar til aðstoða fólk sem var að rigna niður. Sem varðeldastjóri var ég eitt sinn staddur í miðri tjaldubúð á þessu skemmtilega Landsmóti. Það hafði sem betur fer stytt upp og þar sem ég er að bogra við að gera eldstæðið klárt, heyrir ég fyrir aftan mig, „Já, hér eruð þið með langeld að fornmannasið“. Ég hrökk upp og þar stóð forseti Íslands, Kristján Eldjárn ásamt fríðu föruneyti og nutu leiðsagnar Sigurbergs Þórarinssonar, þáverandi félagsforingja. Okkur strákunum fannst

þessi heimsókn merkileg og mikill heiður að fá hann í kaffi í Hraunbúa tjaldubúðina.

Að læra að bjarga sér

Í skátunum lærði ég að bjarga mér. Þar lærði ég hnúta sem komu sér vel þegar ég fór á sjó og þarna lærði ég að taka mig til fyrir útilegur, pakka saman því nauðsynlegasta og passa að gleyma engu. Þarna lærði ég undirstöðu atriðin í skyndihjálpi og margt fleira. Reynsla mín af skátastarfi er mjög jákvæð, enda hvatti ég dóttur mína Ísold til starfa. Hún er starfandi í Ægisbúum í dag og var á Landsmótinu í sumar uppá Úlfjótuvatni.

Lífið í Hraunbúum varð til þess að ég eignaðist vini fyrir lífstíð og lagðist alltaf sæll og ánægður á koddann að kveldi. Við vorum Hraunbúar, stóðum saman, vinir að eilífu.

Brot úr sögu Hraunbúa

1949

Nokkrar breytingar eru gerðar á lögum félagsins t.d.

■ Að flokksforingi hefur ekki rétt til að taka búning af skáta nema í samráði við sveitarforingja.

■ Að verði foringi vís að því að bragða áfengi, þá missi hann foringjaréttindi sín það starfstímabil. Ef hann brýtur þrisvar sinnum varðar það brottrekstri.

■ Að einstökum skátum er óleyfilegt að fara út úr bænum í búningi nema með samþykki sveitarforingja.

Ákveðið er að hafa vormótið í útileguformi í Helgadal. Mótsgjaldið er 25 krónur og innifalið í því ferðir, kakó og hafragrautur. Bannað er að hafa með sér gosdrykki. Þátttakendur eru um 180. Einn Hraunbúi, Arndís Kristinsdóttir, fer til Finnlands og ellefu drengjaskátar fara á skátamót í Danmörku.

1951

Á aðalfundi 14. október ræðir félagsforingi, Jón Guðjónsson, um stóraukin aðstoðarstörf félagsins og nefnir í því sambandi leit að flugvélinni Glitfaxa og leit að barni í Reykjavík. Hann minnst einnig á blóðgjafir, sem félagar hefðu innt af hendi og orðið hefðu til ómetanlegs gagns

Með þriggja manna tjald og sex manna himinn

Þegar ég rifja upp skemmtilegustu stundirnar í skátastarfinu kemur margt upp í hugann. Allar stundirnar við varðeldinn, skálaferðirnar, skátamótin og næturleikirnir vekja upp skemmtilegar minningar. Vormótin voru að sjálfsögðu stór hluti af skátastarfi allra hafnfirskra skáta og fyrsta vormótið sem ég fór á mun ég seint gleyma. Við vorum þrjár vinkonurnar sem skunduðum á okkar fyrsta skátamót. Að mörgu þurfti að hyggja í sambandi við útbúnað og það nauðsynlegasta var að sjálfsögðu að hafa tjald. Við vorum mjög hreyknar þegar við höfðum fengið lánað tjald, en við fengum lánaðan himinn á tjaldið annars staðar frá. Þegar við vorum komnar upp í Krýsuvík og búið var að tjalda varð útkoman reyndar dálítið sérstök: Tjaldið var nefnilega þriggja manna en himinninn var fyrir sex manna



Tjaldið góða.

tjald! Þetta vakti að sjálfsögðu mikla kátínu enda mjög furðuleg sjón. Rigningin klikkaði auðvitað ekki á þessu vormóti og flúðum við í sjúkratjaldið þar

sem þetta tjald hélt okkur víst ekkert sérstaklega vel frá rigningunni.

Það sem er mér þó minnstæðast úr skátastarfinu var þegar ég fór á alheimsmót róverskáta í Sviss árið 1992. Það voru 66 íslenskir skátar sem fóru saman á þetta mót sem ætlað var skátum á aldrinum 18 – 25 ára alls staðar að úr heiminum. Allir dagskrárliðir voru sérstaklega ætlaðir skátum á þessum aldri sem var ævintýri út af fyrir sig þar sem ekki hafði ég áður getað valið um það á skátamóti að fara í fallhlífastökk, siglingar, svifflug, kastalaferðir, hjólaferðir eða ótal margt annað. Skelfilegt slys á skátamótinu leiddi til þess að stúlka úr íslenska hópnum lést. Þetta var að sjálfsögðu mikið áfall fyrir alla þar sem hópurinn var mikið saman. Samhugurinn og stuðningurinn sem við fengum frá öllum hinum skátunum, hvaðan sem er úr heiminum var einstakur. Ég fann þá að ég var hluti af gífurlega öflugri hreyfingu sem vill aðeins láta gott af sér leiða. Ég uppgötvaði líka hvað það felst mikið í orðunum sem ég hef sungið með skátunum frá 10 ára aldri og er sungið um heim allan: „Vorn hörundslit og heimalönd ei hamla látum því, að bræðralag og friðarbönd vér boðum heimi í.“



Anna Sigga og Linda Hrönn í MAX-stökkunum sem vöktu mikla athygli á landsmóti 1990.

Linda Hrönn Þórisdóttir

Treystu Kökumeistararannum
þyrir jólabakkelsinu þínu!



Firði – sími 555 6655

Skoðaðu www.kokumeistarinn.is



Kökumeistarinn
Jón Rúnar Arniússon





80 ára afmælishátíð Hraunbúa 12. nóvember 2005 í Hraunbyrgi

Um 150 manns sóttu glæsilega afmælishátíð í Hraunbyrgi. Hátíðin hófst með athöfn í okkar glæsilega sal þar sem m.a. voru veitt heiðursmerki Hraunbúa. Silfur merki hlutu Örn Tryggvi Johnsen og Sigmar Örn Arnarson, brons merki hlutu Nanna Guðrún Bjarnadóttir, Jón Þór Gunnarsson, Jakob Guðna-

son og Birgir Snær Guðmundsson.

Að loknum hamingjuóskum, söng og skemmtun í salnum var boðið uppá glæsilegar kaffiveitingar í boði skátanna, Köku-meistarans og fasteiginsölnunar Hraunhamars.

Um allt hús og utandyra var búið að setja upp hina glæsi-

legustu sýningu á minjum og myndum. Úti var tjaldbúðasýning. Þar var ekki aðeins verið að sýna gamla og nútíma tjaldbúð heldur voru einnig skátar klæddir í viðeigandi skátabúningum.

Sérstakar þakkar til þeirra sem stóðu að undirbúningi og veittu okkur aðstoð þennan dag.





80 ára

Skátafélagið Hraunbúar

Áfram veginn 



Skátastarf til framtíðar

- Ný skátadagskrá á nýju ári

Í huga og hjarta hvers barns er fólgin sá kraftur sem þarf til þess að breyta heiminum. Bandalag íslenskra skáta vill skapa börnum skilyrði til þess að nýta hæfileika sína á uppbyggjandi hátt og hvetja þau til að nýta eigin reynslu til að verða heilsteypir einstaklingar og virkir samfélagsþegnar.

Á Skátapingi í apríl 2005 hófst vinna við endurskoðun á skátadagskránni. Í kjölfarið skipaði Starfsráð BÍS vinnuhóp til að vinna að endurskoðuninni. Hópin skipa þau; Guðný Björk Eydal, Helgi Grímsson, Jenný Dögg Björgvinsdóttir og Sigurður Úlfarsson. Jón Ingvar Bragason fræðslustjóri BÍS vinnur með hópnum. Öll hafa þau mikla reynslu af skátastarfi auk fræðilegrar þekkingar á starfi með börnum og ungmennum.

Unnið er eftir vinnuferli er nefnist RAP eða Renewed Approach to Programme. RAP er gefið út af Evrópuskrifstofu skáta og hafa fjölmörk bandalög notað það með góðum árangri við endurnýjun á sinni dagskrá. RAP skiptist upp í átta skref eins og sjá má á mynd. Fyrstu þrjú skrefin fjalla um tilgang skátastarfs, þær aðferðir sem við beitum um markmið okkar. Í fjórða og fimmta skrefi er farið í aldurskiptingu og áfangamarkmið hvers aldurshóps. Þessum skrefum er nú lokið. Í næstu skrefum er farið í verkefni og viðfangsefni skátana, starfsaðferðir aldurshópana og framfarakerfi skátans. Í síðustu þremur skrefunum verður leitað til fjölmargra um ráðgjöf og aðstoð við vinnuna.

Einnig er stuðst við rannsóknir á



börnum og ungmennum. Rannsóknir á skátastarfi hérlandis sem og erlendis auk fjölda kenninga fræðimanna.

Þegar þessi orð eru rituð er búið að kynna niðurstöður fyrstu fimm þrepanna í RAP ferlinu. Þessar niðurstöður er hægt að nálgast á Skátavefnunum (www.skatar.is) og í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123. Frábærlega hefur verið tekið í tillögur hópsins og honum veitt brautargengi til áframhaldandi vinnu.

Mikil áhersla er lögð á góða sam-

vinnu við sem flesta. Nú í janúar verður hafist handa við að safna í verkefnabankann og skoða starfsaðferðir aldurshópa. Leitað verður til skáta á öllum aldri til að aðstoða við þessa vinnu, ef þú hefur áhuga sendu þá línu á jon@skatar.is. Ný skátadagskrá verður lögð fyrir Skátaping í mars og skátafélög geta sótt um að taka hana upp næsta haust. Til að tryggja að allar breytingar gangi vel fyrir sig hefur verið ákveðið að skátafélög fá ekki að taka upp nýja dagskrá nema að undan-gengnu ákveðnu ferli. Ferlið m.a. felur í sér fræðslu fyrir sveitarforingja á virkni dagskrárinnar. Nánari tilhögun verður kynnt á Skátapingi.

Markmiðið er að skapa skátastarfi grunn til að vinna á til framtíðar. Sókn fyrir starfið sem mun skila sér í betra og öflugara starfi.

Leggðu þitt af mörkum

Hefur þú áhuga á að aðstoða við endurskoðun á skátadagskránni. Dagana 20.-21. janúar verður farið í vinnuferð á Úlfjótssvatn þar sem safnað verður hugmyndum að verkefnum fyrir nýja skátadagskrá. Möguleiki er fyrir 20-30 skáta að taka þátt í þessari vinnuferð, skráning í síma 550 9800 og á skátavefnunum (www.skatar.is).

St Georgsgildið í Hafnarfirði

St Georgsgildið í Hafnarfirði var stofnað 1963 og hefur starfað síðan. Fundir eru mánaðarlega en síðan geta ýmsir atburðir bæst við. Við erum aðilar að Landsgildi ásamt öðrum gildum, sem og heimssamtökum skátagilda, sameiginlega eru haldinn Vináttudagur og síðan St Georgsdagurinn og skiptast gildin á að standa fyrir þessum dögum.

Í Hafnarfjarðargildinu eru skráðir um 70 félagar en á fundi mæta að jafnaði 30-40 félagar.

Við höfum farið í vor eða haustferðir hingað og þangað um landið með góðum farastjóra Jón Bergssyni félaga okkar m.a. Eins hafa hópar úr gildinu farið á þing um allan heim. Á döfinni er að fara til Noregs á heimsþing í Bodo Sumarið 2006.

Fastur liður í starfinu eru þjóðarkvöld þar sem eitt land er tekið fyrir. Skreytingar, matur og skemmtiatriði bera svip af landinu. M.a. höfum við fengið skipti-nema eða íbúa frá þessum löndum sem síðan bera saman siði og venjur.

Markmið gildana er að styðja við skátastarfið.

Má þar nefna að öll byggingarnefnd hins nýja Hraunbyrgis var úr gildinu.

Við eigum mjög skemmtilegan skála við Hvaleyrarvatn og hefur Útilífsskóli Hraunbúa haft afnot af þeirri aðstöðu sem þar er.

Eitt verkefna gildisins er að koma upp góðum gagnabanka um sögu Hraunbúa. Þar er haft í huga að skrá þær fjölmörgu myndir sem til eru, safna myndum af öllum vormótum sem haldin hafa verið, taka saman myndir af skátaflokkum, sveitum og stjórnnum. Byrjað er á þessu verki og eru þeir sem hafa verið í Hraunbúum um lengri eða skemmri tíma hvattir til að koma myndum úr skátastarf-



Á góðri stundu í skála Gildisins.

inu til starfsmanns Hraunbúa

Einn liður í gildisstarfinu er kórstarfsemi. Um 15 félagar í gildinu taka þátt í skátakórnum sem m.a. hefur gefið út tvo geisladiska með skátalögum.

Fundir gildisins eru haldnir ýmist í skálanum okkar við Hvaleyrarvatn, Skátalundi eða í Hraunbyrgi. Þá hafa verið haldnir fundir í Bókasafni Hafnarfjarðar, Byggðasafninu og Kvikmyndasafni Íslands.

Á fundum höfum við yfirleitt fengið gesti sem fræða okkur um ýmis mál. Þá höfum við staðið fyrir fræðslu um stjörnuskoðun og verður framhald á því máli. Á aðventu höfum við ásamt Hraunbúum farið í kirkjur bæjarins með Friðarljósið sem kemur frá Betlehem. Hefur því verið haldið lifandi hér í Hafnarfirði í 5 ár.

Á hverju ári er jólafundur uppí Skátalundi. Í byrjun aðventu, þar sem félagar með börn sín og barnabörn koma saman. Þá er oft þröngt á þingi þegar 70 til 80 manns eru þar saman komin. Eftir

hefðbundna jóladagskrá og veitingar inni skálanum er farið og dansað í kringum brennu þar sem jólasveinninn kemur í heimsókn.

Hér hefur verið stiklað á því helsta sem starfsemi eldri skáta í St Georgsgildinu í Hafnarfirði byggist á. Það er von okkar að fleirum langi til að slást í hópinn. Allir þeir sem unna góðum félagsskap í skátaanda eru velkomnir. Hægt er að hafa samband við stjórn gildisins sem skipuð er.

Rúnari Brynjólfssyni s: 5551298,

Hreiðari Sigurjónssyni s: 5551771,

Sveini Þ Jóhannssyni s: 5551811, Ásu Maríu Valdimarsdóttur s: 5653884, Sigurði Júlíu Bjarnadóttur s: 5651762. Ragnhildi Guðmundsdóttur s: 5551020 og Ragnheiði Sigurðardóttur s: 5550514.

Framundan er fjölbreytt starf og skemmtilegt og endalaust er hægt að bæta við hugmyndum, því lifandi starf er það sem gefur lífnu gildi.

Rúnar Brynjólfsson.



Bygging skála Gildisins við Hvaleyrarvatn.



Skáli Gildisins og umhverfi hans.



Greinarhöfundur á brasilísku kvöldi.



Hjálp!

Hraunbúar hafa frá því um 1945 átt skála við enda Kleifarvatns og notað hann mikið fyrir margskonar uppákomur í gegnum árin enda eiga mjög margar góðar minningar frá þessum sérstæða stað við hverinn.

Skátaskálinn Hverahlíð er annar af tveimur skálum félagsins. Hinn skálinn er í Krísuvík og er í sínu verra ástandi og fjöllum við ekki sérstaklega um hann hér.

Eins og gefur að skilja hefur þurft að halda skálanum við og fyrir c.a. 10-15 árum var hann tekinn nokkuð vel í gegn með aðstoð félagsmanna í sjálfböðavinnu.

Ástand skálans undanfarin ár er þó orðið nokkuð bágborið aftur og þá sérstaklega eftir að við urðum fyrir innbroti þar sem mikið var skemmt inni sem úti.

Vegna þessa hefur skálinn verið mjög



lítið í notkun, en nú höfum við verið að taka til hjá okkur og gera fínt.

Í sumar tókum við okkur til og ákváðum að reyna að gera eitthvað fyrir skálann og hefur það gengið mjög vel. En betur má ef duga skal.

Hingað til höfum við skipt um rúður og tekið rækilega til í kringum skálann. Við höfum gróðursett tré í kringum skálann,

slegið tún og núna lítur hann í það minnsta út fyrir að vera í notkun.

Það er vaskur hópur dróttskáta sem langar að nota jólafríð sitt til að vera í skálanum í kringum viku og klára það sem þarf til þess að skálinn verði þokkalega nothæfur.

Það helsta er; að ný hurð verður sett í, eldhúsið verður klárað, og skálinn þrífinn og gerður sætur og fínn.

Fleiri hlutir eru á döfinni, en í desembermánuði mun háttvirtur skálavörður fara með Guðmundi Sigurðssyni, a.k.a. Gumma, til þess að mæla hita í tilraunaborholu sem er þarna rétt við skálann, en vonir standa til um að hægt verði að nýta þessa borholu til þess að kynda skálann.

Ég vil þakka öllum sem hafa hjálpað til og hlakka til að sjá ykkur í Hverahlíð um jólin.

Andri Johnsen
Skálavörður



Galvaskir sveinar í viðhaldsverkefnum.

Hér fyrir neðan er efnislisti. Ef þú getur hjálpað með eitthvað af þessu þá yrðum við afar þakklát fyrir.

■ Hlera fyrir glugga. Vantar því vatnsheldan krossvið 15mm 4-5 stk ásamt lömum, hespum og læsingum ca 8 pör.

■ Plastparket vantar á gólf ásamt undirlagi ca 55 m².

■ Málning. Húsið þarfnast málningar með þekjandi fúavarnarmálningu ca 15l.

■ Málning. Þak þarf að mála ca 70 m² þakflötur.

■ Kamínu vantar.

■ Málning. Gólf á efrihæð þarf málningu. ca 45m²

■ Útikamar úr krossvið og grind. Í hann þarf krossvið 15 mótakrossvið 4 stk plötur, klósett og 10 lm af lögnum sem og rotvarnarbrunn.

■ Stigi. Þörf er á 45x150 16 lm vel þurru efni.

■ Gashellur.

■ Borðbúnað fyrir 30 manns.

Ýmislegt annað vantar sem ekki er talið upp hér. Hafið samband við Andra í síma 662 0908 ef þið getið aðstoðað eða hafið einhverjar spurningar.



Ævintýradagur fjölskyldunnar



Eftir prufukeyrslu síðasta sumar og einstaklega jákvæð viðbrögð hafa Hraunbúar ákveðið að bjóða uppá:

Ævintýradag fjölskyldunnar fyrir starfsmannafélög og aðra glaða hópa

Börn og fullorðnir leika sér saman

Skemmtun og þrautir

Útivera og upplifun

Sérsniðin dagskrá

Grill og fjör



Leikum okkur úti saman

Dagskráin er alfarið í höndum skátafélagsins Hraunbúa og mun allur ágóði renna til eflingar skátastarfsins

Allar nánari upplýsingar hjá:

Simma s: 821-2587

Ingu Maríu s: 824-0906



Horft til framtíðar

Framtíðin er björt. Þannig sjáum við það allavega. Fyrir okkur hefur verið gaman að starfa í Hraunbúum hingað til og við vitum að það verður ekkert síðra ef ekki bara enn skemmtilegra í framtíðinni. Það er margt spennandi á döfunni. Við höfum mikinn metnað til handa skátafélaginu okkar. Við stefnum hátt og markmiðið er að innan fárra ára verði Hraunbúar stærsta skátafélag á landinu. Okkur langar að sýna í verk, i að hjá okkur fari fram æskulýðsstarf í hæsta gæðaflokki.

Stjórn skátafélagsins hefur áhuga á því að ganga til samstarfs um gæðamál við Bandalag Íslenskra skáta. BÍS hefur handbók um gæðamat í skátastarfi sem ber heitið „Á réttri leið“. Þetta er sérhannað gæðamatskerfi fyrir skátafélög og miðast kerfið að því að taka á öllum þátt-

um starfsins s.s. rekstri og innra starfi. Með því að uppfylla þau skilyðri sem lögð eru fram í gæðamatinu getur félagið sótt eftir að vera útnefnt sem „skátafélag á réttri leið“. Með þeirri viðurkönnun mun starf félagsins færast í fastari skorður og minnka verulega hættuna á sveiflum þegar mannabreytingar eiga sér stað. Hraunbúar stefna að því að vera útnefnt „skátafélag á rétta leið“.

Árið 2007 er 100 ára afmæli skátahreyfingarinnar. Það var árið 1907 sem Robert Baden Powell fór með vaskan hóp drengja í útilegu á Brownsea eyju. Varð sú útilega upphafið að stærstu æskulýðshreyfingu í heiminum í dag. Við Hafnirðingar höfum því greinilega verið frekar fljót að tileinka okkur þetta nýja og spennandi starf þar sem Hraunbúar eru

80 ára í ár. Það þætti kannski langur tími í dag þar sem tölvur eru allsráðandi og fréttir af hinum stóra heimi eins sjálfsagðar og að draga andann, heil átján ár. En fyrir 80 árum voru ekki tölvur eða sjónvarp eða ... ja ég veit það bara ekki, ég var ekki einu sinni fædd þá, ekki heldur pabbi minn og mamma, afi minn og amma voru varla komin á skátaaldurinn hvað þá meira.

En semsagt, árið 2007 verður haldið upp á 100 ára afmæli skátahreyfingarinnar með alheimsmóti skáta í Bretlandi og stefnum við Hraunbúar að því að eiga allavega 40 fulltrúa á því móti.

Til að skátastarfið geti vaxið og dafnað eins og blóm í eggjum þarf að hlúa að því og búa því bestu mögulegu vaxtarskilyrði. Við búum svo vel að eiga virkilega

fallegt og gott skátaheimili þar sem fer býsna vel um okkur. En skátastarfið fer bara fram svo miklu víðar en í einu húsi við Víðstaðatún í Hafnarfirði.

Skátastarfið fer fram upp um fjöll og firnindi í tjöldum og skálum, á skátamótum um allt land og allan heim og kannski síðast enn hreint ekki síst í okkar yndislegu Krísvík. Í Krísvík eigum við okkur örliðið athvarf, ja kannski ekki beint athvarf því það er ekki að miklu að hverfa. Við eigum þarna lítinn skála, reyndar er hann ónothæfur núna, en það er líka hluti af okkar framtíðarsýn að gera hann upp svo við getum nýtt hann eins og okkur svo virkilega langar til. Hvað gæti verið yndislegra en einmitt að vera í skálaútilegu með skátaflokknum sínum í miðjum janúar, labba út á pall í myrkrinu og horfa á norðurljósin og kannski læra að þekkja nokkur stjörnumerki? Ég segi fyrir mína parta að það er eitthvað sem aldrei gleymist. Hversu lánsöm og rík erum við að eiga möguleika á að njóta slíkrar náttúrufegurðar. Í Krísvík höldum



við líka okkar árlega vormót á hverju ári. Og á hverju ári er það sama sagan, okkur langar svo að geta boðið litlu skátunum okkar og gestunum okkar upp á betri aðstöðu, þið sem hafið komið vitið hvað ég á við. Ekki það að aðstaðan eða öllu heldur aðstöðuleysið slái okkur alveg út af laginu, en mikið væri samt lífið yndislegt ef við þyrftum ekki að

skammast okkur fyrir aðstöðuna sem við bjóðum upp á. Svæðið gæti líka svo hæglega nýst fleirum en bara skátum. Þarna tjalda til dæmis ótrúlega margir ferðalangar yfir sumarið að ég tali nú ekki um hinn fræga Clint Eastwood. En ég er hrædd um að hann hafi afþakkað afnot af okkar kömrum og aðstöðu og gert sínar eigin ráðstafanir. Krísvík er nefnilega frábær náttúruperla sem fleiri og fleiri nýta sér til útivistar og ánægju.

Við eigum líka yndislegan skála við Kleifarvatn sem gæti nýst bæði skátum og öðrum ef hann væri í betra standi.

Þið sjáið að það er af nógu að taka og mikið verk framundan. Okkur hefur gengið vel undanfarin 80 ár að byggja upp gott æskulýðsstarf og framtíðin er björt og spennandi. Við viljum gera það sem við getum til að bjóða hafnfirskri æsku upp á áhugavert og heillandi æskulýðsstarf með áherslu á þroska einstaklingsins á hans eigin forsendum, samvinnu og sjálfstæði, okkur öllum til heilla.



Hafnfirskir skátar óska öllum bæjarbúum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með kærri þökk fyrir ánægjulegt samstarf á afmælisári skátastarfs í Hafnarfirði.

Skátafélagið Hraunbúar

Prentmet auglýsing